



**Kennaradeild  
Leikskólabraut 2006**

## **Að líta sér nær**

**Mikilvægi umhverfismenntar og grenndarkennslu  
með skírskotun til skólaumhverfis Skagastrandar**

**Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir  
Lokaverkefni í kennaradeild**

Háskólinn á Akureyri  
Kennaradeild  
Leikskólabraut 2006

## Að líta sér nær

Mikilvægi umhverfismenntar og grenndarkennslu  
með skírskotun til skólaumhverfis Skagastrandar

Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild.  
Leiðsögukenari: Brynhildur Þórarinsdóttir.

## Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.

---

Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir.

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild

---

Brynhildur Þórarinsdóttir.

## Útdráttur

*Að lita sér nær. Mikilvægi umhverfismenntar og grenndarskennslu með skírskotun til skólaumhverfis Skagastrandar* er heiti á eftirfarandi lokaverkefni til B.Ed-prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri á vormisseri 2006.

Verkefnið fjallar um mikilvægi umhverfismenntar og grenndarkennslu í leik- og grunnskólastarfi, áherslan er lögð á að börn læri að þekkja vel byggðarlag sitt áður en þau læra um það sem fjarlæggar liggur. Verkefnið skiptist í tvo hluta, fræðilegan og hugmyndafræðilegan hluta með skírskotun til skólaumhverfis Skagastrandar, heimabyggðar höfundar.

Í fyrri hluta verksins er fjallað um fjarlægð náttúru og nálægð tækninnar og umhverfismennt og grenndarkennsla skilgreind. Gerð er grein fyrir kenningum Jean Jacques Rousseau og John Dewey, hvað varðar nám ungra barna. Komið er inn á mikilvægi hlutverkaleiksins í leik- og grunnskólastarfi og gerð grein fyrir hugmyndafræði opinna skóla í tengslum við umhverfismennt og grenndarkennslu. Þau atriði sem leikskólakennari þarf að hafa í huga í vettvangsferðum með börnum eru tíunduð. Fjallað er um mikilvægi þess að börnum gefist svigrúm til leikja út fyrir afmörkun leik- og grunnskólalóðanna og mikilvægi samfellu leik- og grunnskólastiganna hvað varðar skólanámskrá. Börn eru móttækileg fyrir hinu stóra sem smáa í nánasta umhverfi og er því nauðsynlegt að þau eigi kost á að læra í leik, frá því nálæga á heimaslóðum til þess sem fjarlæggar liggur.

Í seinni hluta verksins er velt fram hugmyndum um kennsluáðferðir leik- og grunnskólakennara hvað varðar umhverfismennt og grenndarkennslu, með skírskotun til skólaumhverfis Skagastrandar og settar fram nokkrar hugmyndir að leikjum og verkefnum fyrir leikskólaborð á völdum svæðum Skagastrandar.

## Abstract

*Close to home. The importance of environmental education and local studies with reference to the school environment of Skagaströnd* is the title of this final paper towards a B.Ed. degree at the Faculty of Education at the University of Akureyri in the spring term of 2006.

The paper deals with the importance of environmental education and local studies in both preschool and elementary school education, where the emphasis is on children learning about their own districts before they learn about the more distant parts of the world. The paper is divided into two parts, a theoretical part and an ideological part with reference to the school environment of Skagaströnd, the home town of the author.

The former part of the paper deals with the distance of nature and the closeness of technology and the terms environmental education and local studies are defined. The theories of Jean Jacques Rousseau and John Dewey concerning the study of young children are described. The importance of role playing in preschool and elementary school education is addressed and the ideology of open schools in relation to environmental education and local studies is described. Furthermore, the issues that a preschool teacher must keep in mind during field trips with children are discussed. The importance of children being able to play outside the boundaries of the preschool and elementary school grounds is addressed as well as the importance of both continuum and consistency within the preschool and elementary school levels concerning the school curriculum. Children are receptive towards all things, large and small, in their immediate environment and it is therefore necessary that they are given the opportunity to learn through play from their local surroundings towards the more distant things and places.

The latter part of the paper reflects upon ideas about teaching methods of preschool and elementary school teachers concerning environmental education and local studies, with reference to the school environment of Skagaströnd, as well as introducing several ideas of games and projects for preschool children in Skagaströnd.

### **Þakkarorð höfundar**

Ég vil þakka allri fjölskyldu minni fyrir góðan stuðning og mikla hvatningu á námstíma mínum, ekki síst meðan á þessu lokaverkefni mínu stóð. Án skilnings þeirra og þolinmæði hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika. Einnig vil ég færa yfirlesara mínum Ingu Láru Sigurðardóttur og leiðsagnarkennara, Brynhildi Þórarinsdóttur miklar þakkir fyrir stuðning, hvatningu og góð ráð.

Kennurum mínum öllum vil ég færa miklar þakkir fyrir góða samfylgd og stuðning í gegnum skemmtileg og lærdómsrík námsár við Háskólann á Akureyri.

Virðingafyllst,  
Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Hvers vegna umhverfismennt?.....	3
2.1 Fjarlægð náttúru og nálægð tækninnar.....	4
2.2 Hvað er umhverfismennt?.....	5
2.3 Umhverfisgreind.....	8
2.3.1 Umhverfisfræðsla og samfélag þjóðanna.....	10
3. Umhverfismennt og grenndarkennsla.....	12
3.1 Samfélagsbreytingar.....	13
3.2 Opnir skólar.....	16
3.3 Rousseau og uppeldishlutverk náttúru og umhverfis.....	18
3.4 John Dewey og tenging skóla við samfélag.....	20
3.4.1 Leikurinn.....	21
4. Samfella skólastiga, aðalnámskrá og skólanámskrá.....	24
4.1 Aðalnámskrá leikskóla, umhverfi og náttúra.....	26
4.2 Reynsluþrep barns í náttúrunni.....	27
4.3 Leikskólakennarinn, barnið og vettvangsferðir.....	28
4.3.1 Samræmingarárátta skólanna og byggðaröskun.....	31
4.3.2 Lófót verkefnið.....	32
5. Skagaströnd.....	36
5.1 Í átt að skýrri sjálfsvitund.....	37
5.2 Brot um sögulegar heimildir Skagastrandar.....	39
5.3 Barnið og leikskólalóðin.....	41
5.4 Leikskólabarnið og Spákonufellshöfði.....	42
5.4.1 Upplifun á Höfðanum.....	43
5.4.2 Spákonufell og fjársjóður Þórdísar.....	45
5.4.3 Fjársjóðsleit leikskólabarna.....	46
5.5 Leikskólabörnin og Kálfshamarsvík.....	46
5.5.1 Gull fjörunnar í Kálfshamarsvík.....	47
Niðurstöður.....	50
Heimildaskrá.....	51
Myndaskrá.....	58

## 1. Inngangur

Umhverfismennt og grenndarkennsla eru samofnir þættir sem taka á verndun umhverfis og náttúru, byggðasögu og náttúruminum. Staðarmenningu sem nauðsynlegt er að virkja sem best á heimaslóðum.

Í þessu verki verður leitast við að rökstyðja mikilvægi umhverfismenntar og grenndarkennslu fyrir byggðarlög landsins. Maðurinn og náttúran eru óðum að fjarlægjast með tilkomu tækninnar og breyttra samgöngu- og atvinnuhátta til sjávar og sveita. Á Íslandi eru einstakar náttúruperlur, margskonar fegurð sem njóta má í leik og upplifun. Fegurðin fellst þó ekki einungis í náttúrunni heldur í því mannlífi sem lifir og hrærist í samfélögum landsins, stórum sem smáum. Áhersla verður lögð á að umhverfismótun barna í tengslum við umhverfismennt og grenndarkennslu verði sem best náð með beinni reynslu þeirra og leikfrelsi í náttúrunni frá því nálæga á heimaslóðum til þess sem fjarlæggar liggur. Þannig geta þau fangað áhersluatriði umhverfis- og grenndarkennslu og öðlast um leið vitund til umhverfisverndar. Börn eru móttækileg fyrir umhverfi sínu og þann áhuga ber að nýta.

Hugmyndafræði opinna skóla verður skoðuð með skírskotun til kenninga Jean-Jacques Rousseau og John Dewey hvað varðar nám ungra barna. Verður sérstaklega litið til þess hvaða svigrúm leik- og grunnskólabörnin hafa til upplifa náttúru og umhverfi í leik og starfi utan skólalóðanna. Einnig verður þætti stýringar hinna fullorðnu gefinn gaumur. Komið verður inn á mikilvægi vettvangsferða og ákjósanlegrar nálgunar leikskólakennarans í þeim ferðum. Leitast verður við að svara spurningunni hvort mögulegt sé að samræma sjónarmið og áherslur leik- og grunnskólanna við skólanámskrá þar sem umhverfismennt og grenndarkennsla yrði gerð að yfirmarkmiði. Hvernig verður sem best komið til móts við áherslur leik- og grunnskólanna og hvernig ætti sú nálgun að vera? Hvort kennarar í leik- og grunnskólum smærri byggðarlaga geti reynt að efla umhverfisvitund barna í formi umhverfisverkefnis og styrkt þannig sjálfsvitund þeirra? Það er kunn staðreynd að byggðaþróun Íslands hefur verið mjög á einn veg um langt árabil. Höfuðborgarsvæðið hefur þanist út meðan sveitir landsins og smærri byggðarlög hafa dregið saman seglin, sum jafnvel lagst af. Spyrja má hvort slík þróun sé eðlileg, jafnvel óumflýjanleg, eða hvort tilefni sé til að spyrna við fótum. Og getur umhverfismennt og grenndarkennsla mögulega gagnast í slíkri baráttu?

## 2. Hvers vegna umhverfismennt?

Frá örófi alda hefur maðurinn mótast af nánasta umhverfi sínu og náttúru, og lengstum hefur sú mótun ráðist af skilmálum náttúrunnar. Sögu mannsins má oft lesa sem átakasögu við náttúruöflin. Allt til okkar daga hafa þessi reginöfl haft yfirhöndina. Maðurinn hefur átt þann kost einan að semja sig að lögmálum náttúrunnar, læra að lifa með henni, eða gjalda með lífi sínu. Náttúran getur verið bæði harður húsbóndi og mildur oft strangur og iðulega ófyrirséður.

Stöðugt áreiti náttúruaflanna skerpir og þroskar hugvitið. Mannkynið hefur verið knúið áfram af ímyndunaraflinu og hæfileikanum til að læra af reynslunni og miðlað þeirri reynslu frá einni kynslóð til annarrar. Menn hafa fundið upp tæki, öðlast verksvit og náð þannig smátt og smátt tókum á öflum náttúrunnar.<sup>1</sup>

Páll Skúlason, heimspekingur, segir í bókinni *Umhverfing* að margir hafi teflt fram þeirri hugmynd að allt siðferði mótist í samfélagi sem þeir deili sín á milli frá vöggu til grafar. Hann bendir þó jafnframt á að fræðimenn og almenningur hafi skilið þessa samfélagshugmynd allt of þröngt, þar sem hugmyndin er látin takmarkast við samfélag manna. Hvað með aðrar lífverur en manninn? Hvað með landið sem við mennirnir deilum bæði innbyrðis og með öðrum lífverum? Páll vísar í áhrifamestu siðfræðikenningu Immanuel Kants<sup>2</sup> sem sagði að aldrei skyldi koma fram við nokkra manneskju sem tæki heldur ávallt sem markmið í sjálfu sér.<sup>3</sup> James Rachels skilgreindi siðfræðikenningu Kants á þann hátt að okkur bæri rík skylda til að gera öðrum gott, stuðla að velferð og virða réttindi annarra, skaða þá ekki og reyna að veita markmiðum sem flestra brautargengi.<sup>4</sup> Má yfirfæra þessa túlkun Rachels að verndun umhverfis og náttúru, að skaða ekki eða skerða réttindi þeirra sem erfa skulu landið.

Bandaríski vistfræðingurinn og náttúruverndarsinninn Aldo Leopold hefur haldið fram þeirri kenningu að rétt sé að víkka út hugmyndina um siðferðilegt samfélag þannig að það nái yfir allt land sem menn byggja með öðrum dýrum og lífverum. Leopold hefur átt hve mestan þátt í að þessi hugmynd hefur fengið hljómgrunn og er farin að gegna lykilhlutverki í umræðu um umhverfis og náttúruvernd, þar sem aðalatriði kenningarinnar

---

<sup>1</sup> Björn Björnsson 1994:27–28

<sup>2</sup> Páll Skúlason 1998:17

<sup>3</sup> Kant 2003:153

<sup>4</sup> Rachels 1997:173



er það að landið sjálft sé kjarni og undirstaða sérhvers samfélags á jörðinni.<sup>5</sup> Það má því kannski álykta sem svo að uppi séu merki um að samfélagshugmyndir fræðimanna hafi sterkari tengingu við umhverfi og náttúru en áður. En hvað með fólk almennt? Hvernig er tengslum þess háttáð við náttúruna og nánasta umhverfi?

## 2.1 Fjarlægð náttúru og nálægð tækninnar

Sænski sagnfræðingurinn Sverker Sörlin skrifaði um þróun hugmynda mannsins um náttúruna og sagði hann að þegar menn hafi farið að yrkja jörðina, hafi viðhorf þeirra til náttúrunnar breyst. Þeir hafi þá uppgötvað að þeir gátu stjórnað náttúrunni og þar með látið hana gefa af sér. Jafnhliða hafi menn farið að sérhæfa sig í ýmsum störfum, reisa mannvirki og vinna að þeim þáttum sem við teljum til menningar. Við þetta hafi maðurinn strax farið að fjarlægjast náttúruna, hún orðið að andstæðingi, sem þurfti að halda í skefjum svo að mannkynið gæti hagnýtt sér hana sem best.<sup>6</sup>

Nú er svo komið að í stað þess að umhverfið móti manninn er maðurinn sjálfur farinn að laga umhverfið eftir eigin þörfum. Umhverfi manna er jafnvel að mestu leyti búið til af þeim sjálfum, allt frá byggingum og strætum að vélknúnum farartækjum, þar sem segja má að hið jarð- og líffræðilega umhverfi jarðarinnar verði mannkyninu stöðugt fjarlægara. Þessi fjarlægð, eða nánast fíring, tekur á sig margskyns myndir í okkar nútíma samfélagi.<sup>7</sup>

Þessi tilbúna veröld manna, veruleikafíring og breytingar á náttúrusýn hafa alið af sér afskræmda mannhyggju þar sem ekkert skiptir máli annað en maðurinn sjálfur og umhverfi sem hann hefur sjálfur skapað. Hvað um til dæmis unglina og jafnvel fullorðið fólk sem hrærist að mestu- ekki aðeins í manngerðu umhverfi borganna- heldur einnig í tölvuhugbúnaði og sýndarveröld tölvuleikja? Það fer jafnvel lítið fyrir náttúrusýn yfirleitt hjá þeim sumum.<sup>8</sup>

Ætla má að þessi fjarlægð við náttúruna hafi ekki hvað síst áhrif á börnin okkar sem eyða stórum hluta dagsins í skóla, á ferðalögum til og frá skóla og leika sér svo oft langtímum saman í tölvuleikjum heima við.

Tæknin og hraðinn í nútíma samfélagi eru óneitanlega farin að hafa mikil áhrif hvað varðar tilfinningu og skynjun manna fyrir náttúru og umhverfi. Fólk ferðast langar

---

<sup>5</sup> Páll Skúlason 1998:17–18

<sup>6</sup> Sörlin 1991:248

<sup>7</sup> Ólafur Halldórsson 1994:119

<sup>8</sup> Ólafur Halldórsson 1994:119

vegalengdir, akandi í bifreiðum, varið gegn veðri og vindum og öðrum áreitum náttúrunnar. Slíkt gerir þeim náttúruna framandi, lyktarskyn minnkar og margt fólk hættir að skynja umhverfi sitt og náttúru sem hluta af daglegu lífi.<sup>9</sup> Ekki má heldur gleyma lífsgæðakapphlaupinu sem segja má að hafi sljóvgað tilfinningu fólks fyrir þeim gæðum sem ekki verða metin til fjár. Sú staðreynd að flest það sem dýrmætast er í lífinu er ókeypis er líklega best varðveitta leyndarmál markaðsbúskaps nútímans.<sup>10</sup> Þessi þróun kallar á sterk viðbrögð og vitundarvakningu í þjóðfélaginu og er umhverfisfræðsla þess vegna ákjósanleg og jafnvel nauðsynleg.

Í bók sinni ræðir Páll Skúlason þá staðhæfingu að tæknin gegnsýri tilveru okkar og verði til þess að við séum sífellt með hugann við þau gildi sem einkenna hana, áreiðanleika, hagkvæmni og áhrifamátt. Fólk hafi óneitanlega mismunandi skoðanir á þróun tækninnar, þar sem mörgum sé í nöp við framfarir hennar og óttist afleiðingarnar á meðan aðrir hrífist af. Spurningin hljóti að vera hvort við eigum að sætta okkur við að veröldin heyri öll undir tæknina og aðlaga okkur henni, eða reyna að sporna við og ákveða sjálf hversu mikið við tökum hana í þjónustu okkar. Hann heldur áfram og segir að fram á þessa öld hafi menn verið hikandi við að svara fyrri spurningunni neitandi og þeirri síðari játandi.<sup>11</sup>

Sennilega er óhætt að segja að mannfólkið sé orðið of háð tækninni og þeim þægindum sem hún hefur fært okkur en hvað er hægt að gera til að auka vitund og skilning fólks á umhverfi og náttúru? Hvaða leiðir má nýta í leik- og grunnskólastarfi sem lúta að því að auka umhverfisvitund?

## 2.2 Hvað er umhverfismennt?

Umhverfismennt er frekar ungt kennsluvið í skólum sem byggir á eldri áherslum í skólastarfi, átthagafræði, reynslu af almenningsfræðslu og leiðsögn um náttúruna. Með aukinni þekkingu á vistfræði og vitund um umgengni, hefur umhverfismennt vaxið og er það liður í tilraun til að byggja upp heilbrigð samskipti manns og umhverfis og viðleitni

---

<sup>9</sup> Sigrún Helgadóttir 1990:38

<sup>10</sup> Róbert Haraldsson 1994:86

<sup>11</sup> Páll Skúlason 1998:20

til að bæta þau. Kennsla á þessu sviði er í mótun en kennsluaðferðir geta verið fjölbreyttar og margvíslegar.<sup>12</sup>

Í umfjöllun Stefáns Bergmanns lektors kemur fram að með umhverfismennt sé ætlunin að búa mannkyn undir að lifa við þá staðreynd, að í samfélagi verði umhverfisvandi ávallt veruleiki. Stöðugt þurfi að leita úrlausna til að draga úr slíkum vanda, byggja upp færni til að greina umhverfisvandamál, vekja sem flesta til ábyrgðar á umgengni við náttúruna og auka skilning á hvernig best sé að bregðast við umhverfisvandamálum, þannig að áhugi skapist til að bæta það sem aflaga hefur farið.<sup>13</sup>

Hann segir jafnframt að mörgum kunni að finnast hugtakið umhverfismennt frekar óljóst vegna þess hve víðtækt inntak þess sé og aðferðir margar til að vinna eftir. Uppeldismarkmið umhverfismenntunnar megi að hans mati setja í þrjá flokka. Upplifun og tilfinningar. Siðfræðileg viðhorf og ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu og síðan færni til að taka þátt í verndun umhverfisins. Að mati Stefáns er umhverfisvitund lykilhugtak í umhverfismennt sem beri að auka hjá nemendum með fjölbreyttum kynnum þeirra af umhverfi og náttúru. Hann segir að umhverfismenntun ætti ekki einungis að byggjast á umfjöllun um umhverfisvandamál því áhugi hjá nemendum á umhverfismennt geti þannig dvínað.<sup>14</sup> Mikla áherslu ætti að leggja á að nemendur öðlist fjölbreytt kynni og upplifun á íslensku umhverfi, þeir fái sjálfir að rannsaka umhverfismál og koma með hugmyndir að lausnum. Að mati Stefáns er allt það sem gera má til að styrkja umhverfisvitund fólks umhverfismennt.<sup>15</sup>

Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir segja að með upplifun sé átt við að börn komist út fyrir skólastofuna til að nálgast viðfangsefni sitt, náttúru, menningu, og umhverfi sitt allt. Með því öðlist þau þekkingu og þar með færni hvað varðar umgengni við náttúru og umhverfi og í framhaldi jafnframt áhuga á að vernda þessa þætti.<sup>16</sup>

Páll Skúlason segir að orðið umhverfi sé tiltölulega nýlegt en hafi breiðst hratt út og í mörgum tilfellum komið í staðinn fyrir orðið náttúra, þó að auðvitað sé þar augljós munur. Náttúran er til og verður það um ókomna tíð, óháð vitund okkar eða vilja en umhverfið er sá hluti raunveruleikans sem við mótum með athöfnum okkar og

---

<sup>12</sup> Stefán Bergmann 1994:204,201

<sup>13</sup> Stefán Bergmann 1994:203

<sup>14</sup> Stefán Bergmann 1990: 41

<sup>15</sup> Stefán Bergmann 1990:42,41

<sup>16</sup> Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir 1994:21

framkvæmdum og er þar af leiðandi meira á okkar ábyrgð. Páll telur að mannfólkið verði að móta umhverfið með skynsamlegri hætti en gert hafi verið til þessa. Ofuráhersla hefur að hans mati verið sett á að gera sem flest á sem skemmstum tíma, sem vinni í raun gegn hugsjóninni um bætt umhverfi.<sup>17</sup> Páll segir náttúru og umhverfisvernd vera tvo þætti í sömu hugsjón þ.e. að náttúruvernd snúist um að vernda náttúruna gegn manningum og aðgerðum hans og kenna okkur að sjá og meta gildi hennar. Umhverfisvernd snúist hinsvegar um að vernda manninn í umhverfinu, gera umhverfið öruggara og þægilegra en það eigi ekki að gera með því að þenja umhverfið út á kostnað náttúrunnar.<sup>18</sup>

Umhverfi og náttúra eru óneitanlega samofnir þættir og Þorvaldur Örn Árnason, líffræðingur, skilgreinir umhverfismennt á þann hátt að hún sé menntun sem stuðli að verndun umhverfis en ekki síst náttúru. Með umhverfismennt sé átt við uppeldi og fræðslu sem stuðli að því að varðveita og bæta umhverfið, lífsgrundvöll okkar og afkomenda okkar.<sup>19</sup> Á Íslandi eru margir staðir sem telja má til einstæðra náttúrufrýrbæra, eldstöðvar, hraun, jarðhitasvæði og fossar, vötn og margir fleiri sem eru taldir til alþjóðlegra náttúrugræðna og eiga sér hvergi hliðstæður. Við Íslendingar berum sérstaka ábyrgð á þessum stöðum því margir telja þá í hættu vegna ofnýtingar.<sup>20</sup> Okkur ber því að huga vel að þessum málum með skipulegri og markvissri umhverfisfræðslu.

Umhverfisfræðsla á að mati Sigrúnar Helgadóttur líffræðings vera bæði skemmtileg og grípanði og ætti að beinast að því að fólk skilji hvernig lífið gengur fyrir sig, hvernig við erum og hvernig við, hvert og eitt okkar erum háð vistkerfi jarðar og hvernig við verðum að breyta hegðun okkar í samræmi við þessi kerfi. Hún bendir á að fyrir 70 árum hafi frumkvöðlar náttúrufríðunar uppgötvað að það væri ekki grundvöllur fyrir því að segja fólk, að viss landsvæði væru það merkileg að þau þyrfti að friða. Fólk yrði sjálft að upplifa fegurð svæðanna og fá tilfinningu fyrir þeim. Þá kæmi sjálfkrafa áhugi á að vinna að verndun svæðanna.<sup>21</sup>

Eygló Björnsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, segir auðvitað nauðsynlegt að efla skilning barna á umhverfismálum í víðu samhengi en bendir þó á að líklega sé farsæla að efla umhverfisvitund þeirra, sérstaklega á unga aldri, með því að kenna þeim

---

<sup>17</sup> Páll Skúlason 1998:40

<sup>18</sup> Páll Skúlason 1998:94–96

<sup>19</sup> Þorvaldur Örn Árnason 1998:43

<sup>20</sup> Arnþór Garðarsson 1994:302

<sup>21</sup> Sigrún Helgadóttir 1990:38

að þekkja og virða nánasta umhverfi, áður en umhverfisvandamál heimsins alls séu lögð á herðar þeim. Hún telur að það þurfi að gefa börnum kost á að mynda tengsl við umhverfi sitt áður en ætlast er til að þau finni þörf til að vernda það.<sup>22</sup> Taka má undir þau orð hennar og er nauðsynlegt að virkja börn meira, innan sem utan skólanna í leikjum og verkefnum til að gera þau meðvituð um sitt nánasta umhverfi og náttúru. Leik- og grunnskólabörnin verða að fá tækifæri til að rannsaka, fræðast og upplifa umhverfi sitt með virkri þátttöku og leikupplifun fyrir utan ramma skólalóðanna. Nánasta umhverfi barna, hvort sem það er í borg, við sjó eða í sveit er áreiðanlega besta námsefni þeirra.

Þorvaldur Örn Árnason telur að kennsluáðferðir geti verið óteljandi og fari þá eftir hugmyndaauðgi kennarans, hvort sem um sé að ræða vettvangsferðir, þemastarf eða frjálsan leik. Nánasta umhverfi skólans, náttúra og mannvirki séu án efa mikilvægasta rannsóknarefnið í umhverfismennt og einnig gegni ýmis nærtæk söfn og bækur jafnframt mikilvægu hlutverki.<sup>23</sup>

Sigrún Helgadóttir segir að íslenskir kennarar tali oftast um að áhersluatriði þeirra hvað varðar umhverfismennt með nemendum sínum, sé að tína rusl og stundum planta trjám. Sigrún segir þessi verk séu ágæt sem slík, en þessháttar vinna geti varla haft mjög varanleg áhrif<sup>24</sup> og tek ég undir þá skoðun hennar. En hvaða leið má þá fara til þess að miðla umhverfismennt til barna? Og hafa allir forsendur til þess að meðtaka slíka kennslu?

### **2.3 Umhverfisgreind**

Howard Gardner prófessor við Harvard háskóla taldi að vestræn menning hefði skilgreint greind of þröngt og árið 1983 setti hann því fram hugmynd sína um að til væru minnst sjö greindir. Seinna setti hann fram þá áttundu en sagði að sú níunda væri til. Áttunda greind Gardners var umhverfisgreind en hinar eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind og samskiptagreind.<sup>25</sup>

---

<sup>22</sup> Eygló Björnsdóttir 2005. Vefslóð: <http://netla.khi.is/greinar/2005/023/index.htm>

<sup>23</sup> Þorvaldur Örn Árnason 1998:66

<sup>24</sup> Sigrún Helgadóttir 2002:186

<sup>25</sup> Armstrong 2000:13,14,76

Umhverfisgreindin felst m. a. í leikni til að greina tegundir úr jurta og dýraríkinu, þekkja skyldar tegundir og kortleggja skyldleika, formlega eða óformlega.<sup>26</sup> Greindin felst einnig í að þekkja eigin umhverfi og næmni fyrir t.d. skýjafari og fjöllum. Þessi eiginleiki kemur þó ekki einungis fram í náttúrunni heldur einnig í manngerðum hlutum, s.s. í því að þekkja bílategundir, íþróttamerki, geisladiska, snyrtivörur og aðra hluti sem tilheyra reynsluheimi þéttbýlisbarna.<sup>27</sup> Til þess að umhverfisgreind börn geti sem best þroskað greind sína ætti að mati Gardners að flytja stóran hluta námsins út í náttúruna eða náttúruna inn í skólastofuna.<sup>28</sup>

Guðmundur Finnbogason vísaði til þessarar greindar 1903 þó að hugtakið væri óþekkt þá, þegar hann sagði:

Mismunur á menntunarstigi ætti[...] fyrst og fremst að vera fólgið í því hve misnæmir menn eru fyrir áhrifum utanað. Hinn menntasauði ætti samkvæmt því að greina verr þá hluti sem í kringum hann eru en hinn sem menntaður er] Heimurinn liggur opin fyrir öllum, [...] margt er það sem menn gefa engan gaum að[...] því augað er sljótt. Hve óþrjótandi uppspretta hreinnar nautnar er ekki fólgin í litskrúði himins, láðs og lagar í geisladýrð kvölds- og morgunroðans, í vafurlogavöndum norðurljósanna, formi fjallanna, hreyfingu hluta og dýra[...] hver efast um að sá sem hefur augun opin fyrir öllu þessu, greinir það, finnur fegurð þess, sé að sama skapi menntaðri en þeir sem[...] fara þess á mis.<sup>29</sup>

Fjölgreindarkenningin vísar einnig til sögunnar þar sem ákveðnar greindir virðast hafa verið mikilvægari fyrr á tímum en nú. Umhverfis- og hreyfigreind voru t.d. í meiri metum fyrir hundrað árum þegar meginþorri fólks bjó í sveit og hæfileiki til ræktunar og smíða var mikils virði í samfélögum.

Í fjölgreindarkenningunni felst það lykilatriði að hver einstaklingur búi yfir öllum þeim greindum er upp hafa verið taldar og má segja umhverfisgreindin sé mikilvægari nú en nokkurn tíma áður.<sup>30</sup> Ekki síst vegna þeirra umhverfissjónarmiða sem uppi eru. Slík sjónarmið einskorðast ekki við fáa hugsjónamenn heldur taka til þorra heimsbyggðarinnar og kalla leiðtoga þeirra sem og íbúa til ábyrgðar.

---

<sup>26</sup> Armstrong 2000:17

<sup>27</sup> Armstrong 2000:14

<sup>28</sup> Armstrong 2000:76

<sup>29</sup> Guðmundur Finnbogason 1994:34–35

<sup>30</sup> Armstrong 2000:18–19

### 2.3.1 Umhverfisfræðsla og samfélag þjóðanna

Á árunum í kringum 1970 beittu Sameinuðu þjóðirnar og aðrar alþjóðlegar stofnanir sér fyrir þróun nýrra hugmynda um umhverfismenntun. Hefur það menntasvið því fengið mikla athygli víða um lönd.<sup>31</sup>

Á áttunda áratugnum stóðu Norðurlöndin fyrir sameiginlega átaki til þess að efla umhverfisfræðslu, þar sem ákveðið var að halda ráðstefnu annað hvert ár til skiptis á Norðurlöndum. Fyrsta ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi árið 1983, en fimmta og síðasta ráðstefna þessa átaks var haldin í Reykjavík 1991. Fjöldi skóla, stofnana og fyrirtækja lögðu sitt að mörkum til að efla umhverfismenntun hér á landi samfara því að miðla öðrum löndum af eigin reynslu. Í kjölfar ráðstefnunnar var boðið upp á skoðunarferðir um höfuðborgarsvæðið og nálæg byggðarlög þar sem skólar og aðrar stofnanir voru heimsótt.

Ráðstefnan fólst aðallega í því að örva fólk til góðra verka, ekki síst til að styðja og skilgreina efnileg verkefni í skólum og var lögð áhersla á sérkenni íslenskrar náttúru og atvinnuhátta.<sup>32</sup> Ávinningurinn af þessum verkefnum varð ekki síst sá að víða tókst að virkja frumkvæði barna og unglinga til jákvæðrar vinnu með umhverfi sitt í einhvern tíma.<sup>33</sup>

Árið 1992 stóðu Sameinuðu þjóðirnar aftur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um umhverfismál í Rio de Janeiro.<sup>34</sup> Þá undirrituðu 179 þjóðir svokallaða Dagskrá 21 (*Agenda 21*) er varðaði umhverfi og þróun.<sup>35</sup> Dagskrá 21 fjallar um hlutverk yfirvalda á hverjum stað í sambandi við menntun sem miðar að sjálfbærri þróun við að virkja alla þjóðfélagshópa og gera samráð um Staðardagskrá 21 við almenning, samtök, og staðbundin félög að veruleika.<sup>36</sup> Augljóst varð strax í upphafi að samþykktin ein og sér væri ekki næg til að stuðla að sjálfbærri þróun á 21. öldinni, heldur yrði hvert og eitt samfélag að hanna sína eigin framkvæmdaráætlun heima fyrir.

Sveitastjórnir fengu því hlutverk með Staðardagskrá 21 (*Local Agenda*) þar sem áhersla var lögð á að umbreytingar yrðu að ná til alls almennings. Með því varð til

<sup>31</sup> Stefán Bergmann 1990:41

<sup>32</sup> Sigurlín Sveinbjarnadóttir 1990:2–4

<sup>33</sup> Bragi Guðmundsson 2000:48

<sup>34</sup> Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir 1994:16

<sup>35</sup> Sigurborg Kr. Hannesdóttir 2002:190

<sup>36</sup> *Sjálfbær Þróun* 2001:145

hugtakið „að hugsa á heimsvísu og framkvæma heima fyrir“<sup>37</sup> en hugtakið sjálfbær þróun (*sustainable development*) varð fyrst til árið 1987, þegar umhverfisfræðingar fóru að leita lausna á stórum og oft sameiginlegum umhverfisvanda jarðarinnar.<sup>38</sup>

Páll Skúlason útskýrir sjálfbæra þróun með því að mannkynið eigi að líta á auðlindir jarðar sem bankabók með innistæðu sem ekki eigi að hreyfa, heldur lifa á vöxtum hennar. Sjálfbær þróun merki að við eigum að fullnægja þörfum samtímans án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða. Páll telur að það sé rétt bæði siðferðilega, pólitískt og hagfræðilega séð.<sup>39</sup>

Á Íslandi hafa dagskrárnar orðið að samstarfsverkefni umhverfisráðuneytis og sveitarfélaga þar sem lögð er áhersla á þátttöku sem flestra.<sup>40</sup> Mörg stór þéttbýli hafa tekið þátt í Staðardagskrá 21 en það er ekki síst mikilvægt fyrir smærri byggðakjarna í strjálbýli að taka þátt í dagskránni. Verkefnin í strjálbýli tengjast umskiptum til umhverfisvænni landbúnaðar og nýtingar skóga, þróun sjálfbærrar ferðamennsku, nýrrar atvinnusköpunar sem byggist á verðmætum sem fólgin eru í umhverfi og íbúum á hverjum stað. Menningarminjar eru miklar auðlindir og þær, ásamt náttúruauðlindum, eru heimildir um lífshætti og auðlindanýtingu fyrri kynslóða. Á slíku er hægt að byggja aukna vitund og ábyrgð í tengslum við umhverfisverkefni.<sup>41</sup>

---

<sup>37</sup> Sigurborg Kr. Hannesdóttir 2002:190

<sup>38</sup> Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir 1994:17

<sup>39</sup> Páll Skúlason 1998:37–38

<sup>40</sup> Bragi Guðmundsson 2000:43

<sup>41</sup> *Sjálfbær þróun* 2001:149



### 3. Umhverfismennt og grenndarkennsla

Umhverfismennt og grenndarkennsla eru skyldir þættir að mati Braga Guðmundssonar, dósentis við Háskólann á Akureyri, þar sem umhverfismennt snýst um að vernda náttúru og umhverfi sem eru óneitanlega samofin heild, en með grenndarkennslu er átt við að nýta nánasta umhverfi og gera nemendur læsa á menningu, landafræði og náttúru. Kennslan hefst á sögu heimabyggðar og atvinnulífi hennar en síðan sé litið til fjarlægari umdæma og landa.<sup>42</sup>

Stefán Bergmann telur mikilvægt að þegar unnið verði að þróun umhverfismenntar hér á landi á næstu misserum verði umhverfismennt skipulögð í heild í skólanámskrám og hún verði að verulegu leyti byggð á náttúru og sögu, umhverfi og menningu heimabyggðar ásamt umgengni í víðari merkingu. Að umhverfismenntun feli þannig í sér fjölbreytta nálgun og upplifun á íslensku umhverfi.<sup>43</sup> Sigurlín Sveinbjarnardóttir telur að umhverfismenntun kalli á tengsl við aðila utan grunn- og leikskólanna og bjóði jafnhliða upp á mikla möguleika til tengingar við atvinnu- og félagslíf heimabyggðar og heimila barna þar sem vitund þeirra skipti máli.<sup>44</sup>

Í sambandi við umhverfismennt eða grenndarkennslu bendir Eygló Björnsdóttir á tengsl við ferðaþjónustu og segir að ferðamenn sækir nú í ríkum mæli eftir því að kynnast þjóðlífi, menningu og sögu þess fólks sem það sækir heim. Til þess að koma til móts við þennan áhuga, telur hún að byggðum í strjálbýlinu í samvinnu við skólana, gefist gott svigrúm til að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu og öflugra grenndarvitund íbúanna í leiðinni. Eygló nefnir Strandasýslu sem gott dæmi. Þar hafi verið lögð áhersla á sögu svæðisins, þjóðsagnir og lífshætti fyrr og nú, í verkefnum tengdum ferðaþjónustu og uppbyggingu á öflugri afþreyingu og upplýsingaþjónustu í héraðinu. Íbúarnir sjálfir hafi ekki síst lært að meta kosti heimaslóða, menningarlega, náttúrulega og sagnfræðilega séð.<sup>45</sup>

Bragi Guðmundsson telur að með því að efla söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund megi styrkja sjálfsvitund fólks og samábyrgð þess gagnvart öðru fólki

---

<sup>42</sup> Bragi Guðmundsson 2000:51

<sup>43</sup> Stefán Bergmann 1990:42

<sup>44</sup> Sigurlín Sveinbjarnardóttir 1990:23–24

<sup>45</sup> Eygló Björnsdóttir 2003. Vefslóð: <http://vefir.unak.is/heimaslod/ritgerd/default.htm>

og umhverfinu.<sup>46</sup> Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson skilgreina söguvitundina á eftirfarandi máta:

Söguvitund, eða „historical consciousness gengur út á það að hver einstaklingur hafi vitund um að vera staddur í einhverri sögulegri framvindu. Honum finnist hann vera liður í þróun samfélags sem stefni í einhverja átt, þannig að skoðanir manns á fortíðinni tengist því sem maður býist við af framtíðinni.<sup>47</sup>

Í *Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999* er samfélagsvitund skilgreind á þann hátt að hver einstaklingur láti sér annt um samferðafólk sitt, geri sér grein fyrir samskiptareglum og geti hugleitt og rætt grundvöll þeirra. Umhverfisvitund felist í umhyggju fyrir umhverfinu og hæfileika til að greina samhengi mannglegra athafna og náttúru, meðan söguvitundin merki að hafa tilfinningu fyrir fortíð, nútíð og framtíð og vitund um að mannlífið er breytingum háð. Í aðalnámskránni segir einnig að markmið samfélagsfræðinnar sé að saman fléttist þekking, færni og tilfinningar barna svo að þau öðlist vitund um samfélagið, umhverfið og söguna, þar sem hinn nálægi heimur barnanna verði jafnan viðfangsefni þeirra fyrstu skólaárin.<sup>48</sup>

Þessi atriði aðalnámskrárinnar hljóta því að vera gagnleg grunnskólastjórnendum og kennurum og gefa skólum kost á að koma umhverfismennt og grenndarkennslu að í flestum námsgreinum skólanna. Mikilvægi slíkrar kennslu helgast ekki einungis af þeirri fjarlægð sem rakin hefur verið milli manns og náttúru, heldur einnig af miklum samfélagsbreytingum sem átt hafa sér stað á síðustu öld og skert hafa tengsl einstaklinga við lifnaðarhætti síðustu kynslóða.

### 3.1 Samfélagsbreytingar

Fjarlægð okkar við náttúruna er stöðugt að aukast og ekki síður fjarlægðin við menningu og lífshætti síðustu kynslóða þar sem mikil breyting hefur átt sér stað hvað varðar fjölskylduform, búsetu og gildismat.

Í bókinni *Umhverfing* veltir Páll Skúlason því fyrir sér hvort við mannfólkið séum þannig gerð frá náttúrunnar hendi að við sækjumst mest eftir veraldargæðum en fellst á það að í raun megi segja að nútíma fólk eigi þess nú fyrst kost að njóta veraldargæða og nýti það því óspart. Húsakostur er öðruvísi, lífshættir ólíkir vegna nýrrar tækni,

<sup>46</sup> Bragi Guðmundsson 2000:48

<sup>47</sup> Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson 1999:12

<sup>48</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla* 1999:4

samgöngur gerólíkar, samskipti hafa tekið stakkaskiptum, atvinnuvegir hafa einnig gjörbreyst til sjávar og sveita og svo má lengi telja.<sup>49</sup>

Eftir síðari heimstyrjöldina umbreyttust samfélagsaðstæður fólks mikið, gerð fjölskyldunnar breyttist, samskiptamynstur og sambúðarhættir tóku á sig nýja mynd. Mörg verkefni fjölskyldunnar færðust til faglegra staðgengla þar sem kennarar, fóstur, félagsráðgjafar og sálfræðingar tóku við þeim. Félagsmótun, aðhlyning, gæsla og fræðsla urðu fagleg viðfangsefni og þeir sem sinna þessum verkefnum nú mæta auknum kröfum um færni og ábyrgð.<sup>50</sup> Flest börn nútímans eyða löngum tíma utan heimila sinna í leik- og grunnskólum landsins þar sem uppeldishlutverkin hafa mikið til færst frá foreldrum til fagmanna. Fræðsla barna og uppeldi á þessum „stofnunum“ samfélagsins hefur að hluta til verið að taka á sig mynd framleiðslu. Staðlað kennsluefni, stöðluð leikföng og leiktæki eru í auknum mæli að verða úttektarskyld eða lúta opinberu eftirliti. Skipulagðir leikir eru innan tímaramma og sérhönnuð leiktæki því innan afmarkaðra svæða. Skipulag sem hlýtur að hafa áhrif á leikfrelsi barna í óspilltri náttúru og umhverfinu öllu. Breytingin á leikjum barna og stýring hinna fullorðnu verður nokkuð ljós þegar frásögn Guðrúnar Kristínar Magnúsdóttur rithöfundar er skoðuð, en hún lýsir leikjum æsku sinnar svo:

Þegar ég var lítil kunnu börn að leika sér án þess að fyrir þau væri allt skipulagt, leiktæki, og íþróttir allstaðar eins og nú. Við vorum ekki mötuð og lærðum að skapa leiki sjálf úti í náttúrunni. Lækur og mold voru okkar tækifæri til endalausrar fjórrar starfsemi. Ég átti bú í sveitinni og drullumallaði mikið handa stráknum á bænum, jafnaldra mínum[...] hann var bóndinn[...] þegar ég fann hrúgu af lambaspörðum gat ég notað þau fyrir rúsínur. Drullukökurnar skreyttar með brennisóleyjarblöðum og snarrótarpunkti, þornuðu í sólinni[...].<sup>51</sup>

Oft hefur verið sagt að áhugi á náttúru og umhverfi sé börnum áskapaður og sennilega mótmæla því fáir. Í nútíma samfélagi fær þó þessi áhugi barnanna ekki að dafna nægilega vel. Börn alast að miklu leyti upp innan húss varin fyrir áreitum náttúrunnar. Margir dagar geta liðið milli þess sem farið er með t.d. grunnskólabörn út í náttúruna til að leyfa þeim að upplifa svalan vindinn, finna fyrir sólarylnum, njóta sjávar- og jarðaranganar eða eigna sér leynistað í náttúrunni.<sup>52</sup> Lenging grunnskóladagsins hefur hér

---

<sup>49</sup> Páll Skúlason 1998: 68–69

<sup>50</sup> Sigrún Júlíusdóttir 1996:8–9

<sup>51</sup> Guðrún Kristín Magnúsdóttir 2006:64

<sup>52</sup> Sigrún Helgadóttir 2002:188

einnig töluverð áhrif og getur verulega skert tækifæri til að börn leiti út í náttúruna eftir afþreyingu þegar skóladegi líkur. Leikskólabörn fá sennilega almennt meira svigrúm til náttúruupplifunar heldur en grunnskólabörnin. Því miður má áætla að sú upplifun þeirra fari þó stöðugt þverrandi í okkar hraða þjóðfélagi. Þess bera dagskipulög margra leikskólanna vitni þar sem sjá má að rými fyrir frjálsan leik úti sem inni er oft í lágmarki og vettvangsferðir út fyrir leikskólalóðina einnig, þó að auðvitað sé það mismunandi milli leikskóla.

Guðmundur Finnbogason sagði í bók sinni *Lýðmenntun* árið 1903, að allt verksvit væri fólgið í þekkingu á lögum náttúrunnar og hún væri hið mesta náttúrameðal, bæði fjörgandi og eflandi fyrir sálarlífið, væri hún rétt kennd og höfð við höndina. Viðfangsefni náttúrunnar var réttilega að hans mati það sem horft er á, snert, lyktað af og bragðað á. „Vér eigum allstaðar þar sem því verður viðkomið að læra af hlutunum sjálfum, því sjón er sögu ríkari.“<sup>53</sup>

Á þessum tíma hafa sennilega fæstir þurft að láta minna sig á nálægð náttúrunnar og orðið umhverfismennt hefur vart þekkt enda fólk á þessum tíma í stöðugri snertingu við náttúruna alla daga. Maðurinn, umhverfi og náttúra hafa verið nánast órofin heild.

Börn í borgum og til sjávar og sveita þessa tíma ólust upp við meiri snertingu við lífsviðurværið, unnu nánast til jafns við þá fullorðnu í miklum tengslum við dýr, menn, náttúru og umhverfi.<sup>54</sup> Það má því ætla að umhverfis- og grenndarvitund hafi varla skort meðal fólks á þessum tíma, þó hugtökin sjálf hafi verið óþekkt.

Börn nútímans fara t.d. síður í sveit á sumrin og er því sveitabúskapurinn þeim flestum fjarlægur.<sup>55</sup> Segja má að börn hafi því ekki sömu kynni af náttúrunni og áður fyrir, þar sem nútímabarnið kynnist náttúrunni mikið til í kvikmyndahúsum og fyrir framan sjónvörp og tölvur og er því mikilvægt fyrir leik- og grunnskóla og aðra áhrifavalda að gera sér grein fyrir ábyrgðinni sem þeir hafa hvað þetta varðar. Með sameiginlegu átaki mætti brúa bilið á milli barna og náttúru með því að færa umhverfið nær þeim<sup>56</sup> og opna um leið leik- og grunnskólanna betur út í samfélagið.

---

<sup>53</sup> Guðmundur Finnbogason 1994:87

<sup>54</sup> Símon Jón Jóhannsson 1990:125–126

<sup>55</sup> Hrefna Hjálmarsdóttir 2000:378

<sup>56</sup> Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir 1994:35

### 3.2 Opnir skólar

Nútímaþjóðfélag er í örri þróun á flest öllum sviðum en vert er að spyrja sig hvort leik og grunnskólastarf hafi breyst nægilega, a.m.k. miðað við þróun á öðrum sviðum þjóðlífsins.<sup>57</sup> Árið 1980 skilgreindi Ingvar Sigurgeirsson hugmyndafræði opinna skóla í bók sinni *Skólastofan umhverfi til náms og þroska*.<sup>58</sup> Markmið og leiðir í opnum skólum eða opnum skólastofum segir Ingvar að felist í því að áhersla sé lögð á að nám tengist umhverfi barna og reynslu þeirra. Skipulag skólastarfs sé haft með hliðsjón af áhuga og þörfum barna eins og hægt sé. Börn geti þá jafnan átt val um viðfangsefni. Virkum fjölbreyttum kennsluáðferðum sé beitt og áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Öflun upplýsinga og margskonar leikni þar sem áþreifanleg viðfangsefni skipi stóran sess. Hlutverk kennara sé að skipuleggja, aðstoða og leiðbeina frekar en miðla einungis þekkingu.<sup>59</sup> Ingvar segir að allt umhverfið eigi að vera skóli og skólastofan einkonar miðstöð þar sem kennarar og nemendur komi saman og tali saman, læri saman og hvíli sig. Skólastofan eigi að vera miðstöð hópsins, þægilegur staður þar sem reynsla og hugmyndir eru vegnar og metnar og áætlanir gerðar.<sup>60</sup>

Ingvar nefnir vettvangsferðir sem góða kennsluáðferð opinna skóla, en þær feli í sér beina reynslu. Börnin kynnist umhverfi sínu, störfum fólks og stofnunum af eigin raun. Með þessari nálgun, ef vel takist til, geti börnin fundið beinan tilgang með námi sínu þar sem vettvangsnám tengist daglegu lífi barna og umhverfi þeirra. Ingvar telur þennan þátt vera of rýran í skólastarfi almennt og segir hann að ekki þurfi að fara mjög langt frá skólahúsnæðinu til að velta upp forvitnilegum spurningum hvað varðar umhverfið í nútíð og fortíð og hvernig það geti hugsanlega orðið í framtíðinni. Hvað í umhverfi sé manngert og hvað náttúrulegt. Það þurfi ekki að fara langt að hans mati, til að huga að umferð, veðri, fólki og byggingum. Heimsækja stofnanir, skóla, verslanir, verksmiðjur, bóndabæi, söfn, hafnir og fleira.<sup>61</sup> Óhætt er að taka undir þessar skoðanir því öll hversdagsleg störf í umhverfi fullorðinna eru mikilvæg í augum allra barna.

---

<sup>57</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:22 [Ingvar talar um grunnskóla]

<sup>58</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:11

<sup>59</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:16–17

<sup>60</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:108

<sup>61</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:76–77

Í smábænum Henherson í Minnesota er opinn skóli sem heitir New Country School sem hóf starfsemi árið 1994. Skólinn er rekinn af kennurum skólans fyrir framlög frá ríkinu. Börnin í skólanum eru í sjöunda til tólfta bekk. Þeim er kennt saman í einu stóru rými þar sem hvert barn hefur sína eigin vinnustöð. Í miðrýminu kynna börnin verkefni sín fyrir kennurum sínum og vinna þau síðan með þeim. Í þessu miðrými matast kennarar og börn jafnan saman og börnin hafa aðgang að gróðurhúsi, kennslustofu, listgreinastofu og verkstæði þar sem þau geta sjálf séð um viðgerðir á hinum ýmsu hlutum.

Börnin skipuleggja nám sitt mikið sjálf samkvæmt sjálfsmati, en fylgja ákveðnum vinnureglum þegar þau gera sína eigin námskrá. Þau vinna að könnunarverkefnum sem þau verða að tengja við námsmarkmið fylkisins og finna sérfræðinga í samfélaginu til að aðstoða sig. Börnin sjá jafnframt daglega um öll þrif innan skólans. Kennarar og börnin fara eftir grófri stundatöflu en skólabjallan stýrir ekki kennslustundum svo engir dagar eru eins. Starf kennara er að leiðbeina þeim við sjálfstæð vinnubrögð þar sem skólinn sameinar frelsi, ábyrgð, skipulag og sveigjanleika, bóklegt og rauntengt nám.<sup>62</sup>

Áherslur þessa skóla tel ég vera ákjósanlegar og koma til móts við beina reynslu og upplifun barna í grenndarsamfélagi. Börnin bera um leið ábyrgð á húsnæðinu sjálf og öðlast verksvit og læra jafnvel góða umgengni um leið. Skólastarfið flæðir út í samfélagið og samfélagið inn í skólann á sama máta<sup>63</sup> og undirstrikar námsaðferðir byggðar á beinni reynslu og upplifun í náinni snertingu við nánasta umhverfi barna. Þessi nálgun tengist einnig mjög vel inn í þá áherslu sem nú er lögð á einstaklingsmiðað nám barna hér á landi. Benda má á að Ingunnarskóli í Reykjavík kynnti sér hugmyndafræði skólans í Henherson í Minnesota.<sup>64</sup>

Áherslur opinna skóla tengjast mjög kenningum uppeldisfræðinganna Jean-Jacques Rousseau og John Dewey sem töldu reynsluna vera lykil lærdóms og að frelsi hugans væri það frelsi sem væri mikilvægast. Þeir lögðu áherslu á að einstaklingurinn fengi notið sín með því að fá að athuga, meta og rannsaka hluti sem hefðu gildi fyrir hann sjálfan. Þeir aðhylltust báðir náttúrulegt uppeldi sem miðaði að því að börn væru virkir þátttakendur í eigin reynslu. Hefðbundin bókleg kennsla átti að þeirra mati, ekki að eiga sér stað fyrr en eftir tólf ára aldurinn. Áherslur þessara tveggja kennismiða tengjast mjög

<sup>62</sup> Hrund Gautadóttir og fleiri 2005. Vefslóð:<http://netla.khi.is/greinar/2005/002/003.htm>

<sup>63</sup> Kristín Dýrfjörð 2006.

<sup>64</sup> Eygló Friðriksdóttir og fleiri 2004. Vefslóð:<http://netla.khi.is/greinar/2004/005/index.htm>

virtri þátttöku umhverfismenntunnar og grenndarkennslu og verður því vitnað nokkuð til þeirra hér.

### 3.3 Rousseau og uppeldislutverk náttúru og umhverfis

Orðin sjálfsnám og frjálst uppeldi eru rakin til kenningar menntafrömuðarins Jean-Jacques Rousseau en hann taldi að nám yrði að vera ávöxtur persónulegrar reynslu og það yrði að laga að vitsmunalegum og persónulegum þörfum hvers barns.<sup>65</sup> Rousseau fæddist í Genf 1712,<sup>66</sup> og kjarni uppeldisfræði hans var byggður á þeirri hugmyndafræði að barnið mætti viðfangsefnum á eigin forsendum og leysti verkefni af eigin rammleik svo langt sem geta og gáfur hrykkju til. Með öðrum orðum taldi hann að uppeldi barna ætti að fara fram í gegnum náttúru og leiki til 12 ára aldurs en síðan átti uppalandinn að koma inn í myndina á virkari hátt.<sup>67</sup> Segja má að Rousseau hafi verið talsmaður einstaklingsmiðaðs náms.<sup>68</sup>

Árið 1762 skrifaði Rousseau bókina *Émile* en hún var rit eða kennsluleiðbeining um hvernig beina ætti uppeldi barna inn á nýja braut.<sup>69</sup> Í bókinni lýsir Rousseau hvernig hann elur drenginn Émile upp skipulega í einangrun frá öðru fólki uppí sveit þar sem drengurinn á að læra af reynslunni með stuðningi einkakennara.<sup>70</sup> Bók Rousseau er nokkuð öfgafull en það er samt ekki nokkur vafi á að Rousseau er með næman skilning á þroska barns og mikill talsmaður einstaklingsins.<sup>71</sup>

Rousseau taldi ekkert barn vera slæmt heldur væri það umhverfi þess sem spillti því og vildi hann því vernda hið óspillta og góða í fari barnsins og taldi að það ætti að gera á jákvæðan máta, án þvingana.<sup>72</sup> „Allt er gott frá skaparans hendi, allt spillist í meðförum manna.“<sup>73</sup> Rousseau taldi þjóðfélög spilla góðu eðli manna og vildi hann því breyta samfélögum.<sup>74</sup> Í bók sinni um *Émile* taldi Rousseau að það sem vantaði við fæðingu einstaklings áynnist með uppeldi sem kæmi síðan að notum á fullorðinsaldri.

---

<sup>65</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:19

<sup>66</sup> Rousseau 2004:10–11

<sup>67</sup> Myrhe 2001:86

<sup>68</sup> Gerður G. Óskarsdóttir 2004. Vefslóð: <http://netla.khi.is/vidtol/2004/001/index.htm>

<sup>69</sup> Myrhe 2001:83

<sup>70</sup> Rousseau 1991

<sup>71</sup> Myrhe 2001:88

<sup>72</sup> Aldís Guðmundsdóttir 1992:11

<sup>73</sup> Rousseau 1991:37

<sup>74</sup> Aldís Guðmundsdóttir 1992:10–11

Þetta uppeldi fáum við að hluta frá náttúrunni, sumt frá mönnum og sumt frá hlutunum. Innri þroski líffæra og gáfna er uppeldi náttúrunnar. Hin réttu not þessara líffæra og gáfna byggjast á uppeldi manna. Að ávinna sér reynslu gegnum hlutina sem eru í umhverfinu, er uppeldi hlutanna. Það eru því þrennskonar lærimeistarar sem móta okkur. Ef þetta uppeldi þeirra verður andstætt innbyrðis hjá nemanda, verður árangurinn slæmt uppeldi og nemandinn kemst aldrei í samræmi við sjálfan sig. En þar sem allir þessir aðilar vinna í sömu átt, nær nemandi takmarki sínu og lifir í sátt við sjálfan sig.<sup>75</sup>

Samkvæmt Rousseau reið á að börn fengju tækifæri til að svara þrá sinni til athafna, uppgötvunar og uppfinninga. Þau áttu að kynnast uppeldi í gegnum hlutina og taka afleiðingum gerða sinna sem var kenning Rousseau um hina eðlilegu refsingu. Hann varaði jafnframt alvarlega við að uppfylla óskir sem barn gæti ekki uppfyllt af eigin rammleik því slíkt skapaði gerviparfir sem gætu vaxið og valdið langvarandi eirðarleysi hjá barninu. Dekur af þessu tagi var að mati Rousseau hið mesta óheillaspor.<sup>76</sup> „Gefið barni aldrei hluti vegna þess að það biður um það frekar ef það vantar þá.“<sup>77</sup>

Rousseau notaði hugtakið náttúra um margt en hann vildi ekki að menn yrðu villtir í náttúrunni heldur barðist hann m.a. gegn úrkynjun menningar og spilltum samfélögum. Hið náttúrulega fólst í sérstæði barnsins á mismunandi þroskastigum og á þeirri forsendu ætti að rækta með barninu menningarleg verðmæti, félagslega og siðferðilega lífshætti.<sup>78</sup>

Rousseau taldi mjög mikilvægt að einstaklingar ættu einhverstaðar heimili þar sem þeir nyttu þess að vera aldir upp í góðum siðum og venjum áttuganna. Að þeir ættu rætur, hefð og áttagatengsl í stað óljósra áátlana um að bæta allan heiminn.<sup>79</sup>

Þessar skoðanir Rousseau má heimfæra að nútímasamfélagi og geta m. a. átt við efnishyggjuna í neyslusamfélaginu. Þær hafa einnig tilvísun til ofmötunar barna hvað varðar þær gerviparfir sem að þeim eru oft réttar í formi tilbúinna leiktækja, leikfanga og oft ótímabærra gjafa foreldra. Mögulega þarf að staldra við í þeim efnum. Það er svo margt í náttúru og umhverfi sem nýta má betur með þeim með beinni upplifun og til að búa til leikmuni. Börn þurfa einnig að fá að reka sig á sjálf til að læra af reynslunni. Við verðum einnig að rækta menningarleg verðmæti með börnum í áttögunum þar sem rætur og áttagatengsl og menningarleg verðmæti skipta miklu máli fyrir framtíðina.

---

<sup>75</sup> Rousseau 1991:38 [Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir íslenskaði]

<sup>76</sup> Myrhe 2001:87

<sup>77</sup> Rousseau 1991:85

<sup>78</sup> Myrhe 2001:87

<sup>79</sup> Myrhe 2001:88



### 3.4 John Dewey og tenging skóla við samfélag

Sá uppeldisfræðingur tuttugustu aldar sem án efa hefur haft hve víðtækust áhrif á opna skóla og skyldar stefnur er John Dewey,<sup>80</sup> sem lagði jafnt og Rousseau mikla áherslu á að börn lærðu af reynslunni og fengju svigrúm til athafna. Dewey lagði einnig áherslu á samfélagslegt uppeldi, sem hann kallaði sjálfur samfélagshverfa menntun (community-centered education). Samkvæmt þeirri skilgreiningu hans átti skólinn að vera lifandi samfélag í smækkaðri mynd, þar sem barnið yrði virkur þátttakandi. Dewey vildi einnig reyna að svara því hvernig færa mætti skóla nær heimili og nágrenni barna þar sem þeir hefðu raunverulegt gildi í lífi þeirra.<sup>81</sup> Ef samfélagshverf hugmynd hans er skilgreind þröngt má segja að sú menntun eigi við sérstakt byggðarlag einstaklings, jafnt sem samfélagið allt.

John Dewey stofnaði Tilraunaskólann, The Laboratory School, í Chicago árið 1896<sup>82</sup> ásamt konu sinni Alice Chipman. Skólinn var venjulega kallaður Dewey skólinn. Þar voru prófaðar hugmyndir um breytta kennsluhætti, öðruvísi skólastarf en tíðkaðist á þeim tíma.<sup>83</sup> Tilgangur skólans var að kanna hugmyndir Deweys í raunveruleika barna og að gefa þeim kost á að læra með því að framkvæma (learning by doing). Þau áttu að kynna samfélagi sínu með virkri þátttöku við að rannsaka veröldina fyrir utan skólann. Fyrsta skrefið var að barnið kynntist heimili sínu, samskiptum við foreldra og systkini og nánasta umhverfi þess og síðan kæmu samskipti við önnur börn og þeirra fjölskyldur. Störf fólks utan heimilis voru skoðuð. Síðan þegar börn hefðu aldur til lærðu þau og rannsökuðu sögulega þætti.<sup>84</sup>

Dewey var þeirrar skoðunar að námsgreinar ættu í upphafi skólagöngu ekki að miðast við hefðbundnar námsgreinar heldur starfsemi sem snerti lífsviðurværið.<sup>85</sup> Hvaðeina sem teldist námsgrein yrði að eiga rætur að rekja til efniviðar sem lægi innan lífsreynslu barna. Hann lagði áherslu á að kennarar hefðu líf barnanna utan skólans í huga þegar skapa ætti með þeim nýja merkingarbæra reynslu.<sup>86</sup> Heimspeki Deweys var kölluð

---

<sup>80</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:19

<sup>81</sup> Myhre 2001:171

<sup>82</sup> Myhre 2001:170–171

<sup>83</sup> Dewey 2000b:12

<sup>84</sup> Jóhanna Einarsdóttir 1997:30

<sup>85</sup> Myhre 2001:175

<sup>86</sup> Jóhanna Einarsdóttir 1997:29

verkfærishyggja því hann sagði að hugsun væri tæki til athafna þ.e. hugurinn væri verkfæri. Það ætti að skoða alla hluti frá mörgum sjónarhornum, gera tilraunir og endurskoða út frá reynslunni.<sup>87</sup> Leikskólabörnin í skóla Deweys léku sér í leikjum sem tengdust heimilum þeirra. Þau bjuggu til hluti, hugsuðu um matjurtir og blóm, tóku þátt í matargerð, tóku til og sáu um einfalda daglega hluti er snertu lífsviðurværið.

Margir brautryðjendur leikskólastarfs hafa hrifist af hugmyndum Deweys og hafa nýtt þær og má þar nefna Caroline Pratt sem stofnaði City and Country skólann árið 1914, þar sem áherslan var lögð á að veita börnum reynslu í sveit jafnt og í borg. Skólinn starfar enn í dag, þar er leitast við að skapa samfélag innan skólans og bera börnin ábyrgð á hefðbundnum störfum þar sem námskráin er byggð á vettvangsferðum. Ef nútíma leikskólastarf er skoðað út frá hugmyndum Deweys má segja að kenninga hans gæti þar víða. Á mörgum leikskólum gefst börnum tækifæri á vettvangsferðum um nágrennið þar sem þau kynnast fyrirtækjum og stofnunum í nánasta samfélagi og fá tækifæri til að vinna nánar út frá ferðunum með kennurum sínum.<sup>88</sup>

Með hugmyndafræði Rousseaus og Deweys í huga er vert að spyrja hvort mögulegt sé að auka svigrúm leik- og grunnskólabarna nútímans til beinnar reynslu og upplifunar á heimaslóðum. Getur jafnvel verið að áhersla innan skólaumhverfis barna virki hamlandi gagnvart þroskaþörfum þeirra og áhuga? Væri hægt að skapa þeim meira tækifæri til að rannsaka nánasta umhverfi sitt, þá með leikinn í fyrirrúmi?

### 3.4.1 Leikurinn

Margir uppeldisfræðingar hafa ritað um gildi leiksins hjá börnum bæði fyrr á öldum sem og á síðari tímum og talið hann skipta miklu máli í uppeldi þeirra. Þess vegna má velta fyrir sér hvers vegna leikurinn virðist stöðugt vera á undanhaldi í leikskólum og lítið nýttur í grunnskólum samtímans.

Dewey lagði mjög mikla áherslu á hlutverkaleiki í námi ungra barna þar sem hann taldi að í gegnum þá fengju börn svigrúm til að endurlifa þekkingu sína í samskiptum við önnur börn.<sup>89</sup> Hann taldi að leikur barna fæli í sér vitsmunalega hugsun og að hlutir hjá börnum yrðu tákn. Steinn yrði borð, laufblað diskur, brúða barn og svo mætti lengi telja.

---

<sup>87</sup> Myhre 2001:172

<sup>88</sup> Jóhanna Einarsdóttir 1997:30–31

<sup>89</sup> Jóhanna Einarsdóttir 1997:30

Þannig nýttu börnin efnislega hluti til að láta þá tákna það merkingarbæra og náttúrulega í umhverfi sínu. Mismunandi merkingar yrðu ekki aðeins kunnuglegar heldur væru þær einnig flokkaðar og tengdar skipulega þar sem leikur og saga tengdust saman. Fjarstæðustu leikir barna væru oft hlaðnir sterkri merkingu. Leikirnir hefðu upphaf, miðju og endi og frjálssustu leikirnir virtu reglur, samhengi og samræmingu.<sup>90</sup> Leikurinn væri helsta, og næstum því eina aðferðin sem barn notaði til að læra á seinni árum frumbersku.<sup>91</sup>

Er kannski hættu á að lífstíll og lífshættir okkar Vesturlandabúa geti orðið til þess að hinum frjálsa, eðlislæga bernskuleik verði útrýmt? Í hraða nútíma lífshátta og sífelldu tímaleyfi okkar fullorðna fólksins vill það oft gleymast, að börn þurfa að leika sér frjálst á eigin forsendum.<sup>92</sup> Leikurinn er helsta námsleið leikskólabarnsins samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* og ber því að hafa hann í öndvegi í starfinu. Þar segir:

Á bernskuárum er leikur lífstjáning barns, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms og þroskaleið þess. Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins og lífstjáning og gleðigjafi barns. Frjáls og sjálfssprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því.<sup>93</sup>

Í aðalnámskránni kemur einnig fram að leikskólakennarinn eigi að fylgjast með leik barna og vera tilbúinn til að örva hann og taka þátt í honum á forsendum barnanna. Leikir þeirra geta þannig orðið skemmtilegri.<sup>94</sup>

Rousseau taldi leik barna skipta meira máli en bóklega fræðslu og kveður hann heldur fast að orði í bók sinni um *Émile* þegar hann sagðist „hata bækur, þær væru aðeins til að kenna okkur að tala um það sem vissum ekki nú þegar.“<sup>95</sup> Þó að mörgum kunni að finnast þetta óraunhæft þá átti hann við að ef börn þyrftu nauðsynlega bækur á unga aldri þá ættu þær bækur að vera á borð við *Robinson Crusoe*. Rousseau taldi þá sögu vera heppilega og koma til móts við náttúrulega menntun.<sup>96</sup> Sagan af Robinson Crusoe átti að vera drengnum *Émile* bæði skemmtun og leiðsögn samkvæmt reynslu, vegna þess að *Émile* átti að læra í smáatriðum frá hlutum en ekki í gegnum bækur. Eftir lestur bókarinnar yrði drengurinn stöðugt í leikupplifun út frá bókinni, önnur kafinn við

<sup>90</sup> Dewey 2000a:255

<sup>91</sup> Dewey 2000a:256

<sup>92</sup> Valborg Sigurðardóttir 1992:49

<sup>93</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:11

<sup>94</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:13

<sup>95</sup> Rousseau 1991:184

<sup>96</sup> Rousseau 1991:184

plantekruna sína og geitur, klæddur skinnum og stórum höttum. Hlutverk leiðbeinandans væri ekki að fræða heldur að skapa svigrúm fyrir drenginn til að lifa sig inn í leikinn út frá sögunni og aðstoða hann við að setja upp leiksviðið.<sup>97</sup>

Valborg Sigurðardóttir, fyrsti skólastjóri Fóstruskóla Íslands, taldi leikfrelsi barna mjög mikilvægt en oft og tíðum vanmetið. Hún sagði að í seinni tíð virtist gildi leiksins hafa minnkað í leikskólum. Leikskólakennarar og foreldrar virtust hafa misst trúna á gildi hans. Áhuginn hefði þess í stað beinst meira að svokallaðri vitsmunalegri örvun, sem væri ágæt sem slík, en margir litu svo á að vitsmunabroski barna væri best örvaður með því að byrja sem fyrst að búa barnið undir grunnskólann. Þetta gengi stundum út í öfgar og væri ekki í samræmi við þroska barna, jafnvel unnið á kostnað þess að börnin fengu notið sín í frjálsum leik. Leikskólakennarar þyrftu að vera meðvitaðir um að taka ekki upp kennsluáðferðir grunnskólanna.<sup>98</sup>

Fleiri uppeldisfræðingar hafa tekið undir skoðanir Valborgar og má t.d. nefna finnska heilasérfræðinginn Matte Bergström. Hann hélt því fram að ef börn fengju ekki að leika sér frjálst að vild, byggðust ekki upp ákveðnir þroskaþættir í heila þeirra, þroskaþættir sem yrðu að vera til staðar seinna meir í hefðbundnu námi. Í framhaldi gagnrýndi Bergström uppeldisstofnanir þar á meðal leikskóla fyrir að byrja of snemma í grunnskólamiðuðum verkefnum.<sup>99</sup>

Hæglega má taka undir þær hugmyndir að leikurinn sé hornsteinninn í námi barna og mikilvægt að gæta þess að hann haldi vægi sínu innan leikskólanna og honum verði skapaður ríkarí sess innan grunnskólanna. Er það ekki síst mikilvægt þegar sjónir beinast að samfelli milli þessara tveggja skólastiga. Má taka undir orð Valborgar í þessum efnun er hún sagði „sláum skjaldborg um hinn frjálsa, sjálfsprottna leik og verndum bernskuna. Leyfum barninu að vera barn og njóta bernsku sinnar.“<sup>100</sup>

---

<sup>97</sup> Rousseau 1991:185

<sup>98</sup> Valborg Sigurðardóttir 1992:49–50

<sup>99</sup> Guðrún Bjarnadóttir 2000:49–50

<sup>100</sup> Valborg Sigurðardóttir 1992:62

## 4. Samfella skólastiga, aðalnámskrá og skólanámskrá

Leikskólinn er samkvæmt lögum um leikskóla skilgreindur sem fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri.<sup>101</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999 er sett af menntamálaráðherra og skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar taka mið af henni, þar sem aðalnámskráin er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Námskráin á að mynda sveigjanlegan starfsramma og á grundvelli hennar á sérhver leikskóli að gera sína eigin skólanámskrá.<sup>102</sup>

Andri Ísaksson segir að hugtakið námskrá sé áætlun um hvað skuli læra og kenna með árangursríkum hætti. Námskráin verði að tilgreina markmið eða stefnu, því menn verði að vita hvert beri að stefna. Áætlunin verði að fela í sér röð efnisatriða og leiðbeininga um hvernig megi meta árangurinn. Er námskrá ætlað að vera vinnugagn og stuðningstæki kennara í starfi og má færa þau rök fyrir gildi hennar, að hún stuðli að skilvirku starfi, leiði til sparnaðar á tíma og orku, dragi úr streitu kennara og auðveldi miðlun og samræmingu þess sem þarf að gera. Andri segir þó að sumir telji námskrá vera óþarfa og jafnvel skaðlega.<sup>103</sup>

Í skrifum Guðrúnar Geirsdóttur námskráfræðings, kemur fram að almennt megi segja að námskrá sé menningarlegt tæki sem notað sé til að velja úr menningararfinum það sem er þess virði að nýta til miðlunar með formlegum hætti til komandi kynslóða. Í henni endurspeglar framtíðarsýn þeirrar veraldar sem við teljum að nemendur muni búa við, og breytingar í samfélagi kalli því á endurskoðun námskráa.<sup>104</sup> Að mati hennar er aðalnámskráin samin út frá lögum um skóla og jafnframt út frá þröngum hópi sérfræðinga sem hafi það verkefni að koma til móts við sjónarmið sem flestra. Þegar tilraunum til að sætta ólík sjónarmið er beitt vill brenna við að framsetning verði bræðingsleg að mati Guðrúnar, jafnframt sé erfitt að greina afdráttarlausa skólastefnu. Einstakir skólar og kennarar geta því túlkað aðalnámskrána út frá eigin þörfum og hugsanlega gefist meira svigrúm til að framkvæma skólastarf eftir eigin höfði af þessum sökum.<sup>105</sup>

---

<sup>101</sup> *Lög um Leikskóla* 1994 nr. 78

<sup>102</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:8

<sup>103</sup> Andri Ísaksson 1983:25–26

<sup>104</sup> Guðrún Geirsdóttir 1998:6

<sup>105</sup> Guðrún Geirsdóttir 1998:9

Bragi Guðmundsson segir að leik og grunnskólar búi við þetta svigrúm og það beri að líta á leik- og grunnskólana sem eina heild. Þar sem skólarnir heyra nú undir sveitarfélögin, kallar það á samstarf skólafólks og sveitarstjórnarmanna en gefi einnig kost á nýjum möguleikum í námsefnisgerð. Mætti því semja skólanámskrá byggða á heimabyggð barna, jafnframt því að sækja eftir fjárstuðningi til að hanna námsefni.<sup>106</sup>

Umhverfismennt og grenndarkennsla gæti því auðveldlega verið höfð að leiðarljósi í sem flestum ef ekki öllum námsgreinum grunnskólanna.

Það er nauðsynlegt að hafa í lögum vel skilgreind uppeldismarkmið fyrir leikskólastarf og vekja athygli á því að leikskóli er uppeldis og menntastofnun og skapa samræmingu og samfellu á milli leik- og grunnskóla. Leikskólabarnið breytist ekki snögglega í grunnskólabarn við skólaskyldu. Það þarf að leggja áherslu á að barn er heildstæð vera.<sup>107</sup> Það er því nauðsynlegt að efla tengsl á milli grunnskólakennara og leikskólakennara vegna þess að með því ætti að vera auðveldara að skapa samfellu skólastiga

Leikskólinn Smábær í Hrísey er dæmi um góða samfellu milli skólastiga. Starfsemi hans var flutt í grunnskóla staðarins árið 2002 með það að markmiði að samnýta húsnæðið, tækjakost og fagkunnáttu leik- og grunnskólakennara. Hugmyndin var einnig sú að skapa samfellu milli skólastiganna í faglegu samstarfi. Leikskólinn Smábær er náttúruleikjaskóli þar sem nánasta umhverfi og grenndarkennsla er höfð að leiðarljósi. Unnu skólarnir saman að því að fá Grænfánann. Sú vinna felur í sér endurnýtingu á efnivið sem til fellur og er pappírsgerð og ræktun grænmetis stór þáttur vinnunnar ásamt því að lifa sáttur í samfélagi við menn og dýr.<sup>108</sup>

Sú leið sem þarna hefur verið valin sýnist mér til fyrirmyndar hvað varðar samfellu skólastiganna, en mikilvægt er að varast að kennsluáherslur leikskólakennaranna verði of grunnskólamiðaðar, þ.e. áherslan á hinn frjálsa leik barnsins tapist á kostnað kyrrsetu og miðlunar bókfræðilegra upplýsinga. Áherslur leik- og grunnskólakennaranna verða að beinast að þörfum og þroska barnanna í heild sinni þar sem börnum gefist mikið frelsi til leikja og rannsókna samfara hefðbundnu bóklegu námi.

---

<sup>106</sup> Bragi Guðmundsson 1999:37

<sup>107</sup> Rannveig Auður Jóhannsdóttir 1996:25

<sup>108</sup> Akureyri, öll lífsins gæði. Vefslóð: <http://www3.akureyri.is/skolabaerinn/leikskolar/arholt/Smabaer/>

## 4.1 Aðalnámskrá leikskóla, umhverfi og náttúra

Í *Aðalnámskrá leikskóla* frá 1999 kemur fram að lífsafkoma manns og heilsa séu háðar náttúrunni og náttúruöflunum og að þekking á fyrirbærum náttúrunnar sé mannum nauðsynleg. Náttúran sé stöðugt undrunarefni sem beri að kynna fyrir börnum á lifandi hátt, opna augu þeirra fyrir fjölbreytilegri fegurð hennar og vekja virðingu þeirra og ábyrgð gagnvart náttúrunni. Sú reynsla fléttast síðan oft inn í leiki þeirra og sköpun.<sup>109</sup>

Samkvæmt aðalnámskránni ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið, árstíðir, veðurfar, ræktun, verndun og umgengni um náttúruna og ræða við þau, m.a. um dýr og plöntur og fleira. Börn eru næm og taka mjög vel eftir hinu smáa í umhverfinu og þann áhuga á að nýta til leikja, viðfangsefna og athugana.<sup>110</sup> Í aðalnámskránni segir ennfremur að barn kynnist smám saman því samfélagi sem það lifir í því leikskólar eru í mismunandi umhverfi í félagslegu,- atvinnulegu- og menningarlegu tilliti, í borg eða bæ, við sjó eða í sveit þar sem leikskólastarf mótast óneitanlega af þessum ytri skilyrðum. Leikskólum ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi og staðsetning þeirra bjóða upp á.<sup>111</sup> Það hlýtur því að skipta máli hvar leik- og grunnskólar eru staðsettir á landinu þegar kemur að umhverfismótun barnanna.

Samkvæmt aðalnámskránni eru námsviðin, málrækt, hreyfing, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.<sup>112</sup> Í einni stuttri vettvangsferð má fanga áhersluatriði þessara námssviða með beinni upplifun, án þess að það þurfi endilega að útfæra ferðina í þemastarfi eða föndri þegar henni er lokið. Einfaldleikinn er oft farsæll. Komið er inn á námsvið málræktar með því að tala saman, hreyfingu með því að hreyfa sig og leika sér í náttúru og umhverfi. Börn og leikskólakennarar upplifa með beinum hætti fegurð umhverfissins, list sem vart verður fest á striga, á þann hátt er komið inn á námsvið myndsköpunar. Hlustun á hin ýmsu hljóð í umhverfinu koma inn á tónlistina og í ferðunum er menningin, samfélagið, náttúran og umhverfið kemur með beinni reynslu og snertingu. Börnin kynnast atvinnuháttum samfélagsins, fyrirtækjum og stofnunum, séu þau heimsótt í ferðunum. Þar kynnast þau spennandi heimi fullorðna fólksins þar sem

---

<sup>109</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:26

<sup>110</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:11

<sup>111</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:27

<sup>112</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:19–27

hversdagsleg störf þeirra sýna börnunum undursamlegan heim, fullan af leyndardómum sem börnin dást að og er jafnframt tengdur mikilli félagslegri merkingu fyrir þau.<sup>113</sup>

Á sama hátt mætti ná fram flestum námssviðum grunnskólanna með útikennslu, sögum, leikjum og vettvangsferðum í nánasta umhverfi. Skólanámskrá er að mínu mati nauðsynleg, en leik- og grunnskólakennarar verða að varast að hafa hana of háða stórum markmiðum þar sem allt þarf að gerast innan tímaramma. Barnið verður að vera í brennidepli, þarfir þess og þroski. Útikennsla og leikir eru börnum nauðsynleg og spyrja má hvort börn þurfi ekki að ganga í gegnum sérstök reynsluþrep í náttúrunni til að sækja þar vitneskju fyrir aðra upplifanir, til að sjá hlutina frá ólíkum hliðum.

## 4.2 Reynsluþrep barns í náttúrunni

Bent Leicht Madsen, dýralæknir og kennari, nefnir sérstök sjö reynsluþrep sem börn gangi í gegnum í náttúrunni. Á frumstigi segir hann að börnin séu að velta fyrir sér spurningunni „hvað er þetta allt hér?“ Upplifun barna byrji í náttúrunni að hans mati, gegnum skynjun, tilfinningar, fagurfræði og leik, sem þau sæki vitneskju í fyrir alla aðra reynslu. Það sem þau upplifa í náttúrunni verður til þess að þau geta séð hlutina frá mörgum hliðum. Það sé ekki sama reynsla fyrir barn að skoða náttúruna í bókum og að njóta hennar undir berum himni. Börn leika sér og undrast, finna að náttúran er mikið meira en bara tré og dýr, hún er eitthvað stórt, djúpt og flókið.<sup>114</sup>

Á öðru stiginu segir Madsen að börn séu ekki lengur í því að skynja heildina heldur byrja að spá í einhvern vissan hlut í náttúrunni og fá löngun til safna honum. Spurning þeirra sé „hvað er þetta hér?“ Á þriðja stigi fara börnin að flokka og finna það sem er líkt og ólíkt og þau fá tilfinningu fyrir smáatriðum og velta fyrir sér samlíkingum. Fjórða stigið í þessum reynsluþrepum Madsens gengur út á að börnin byrja að líkja eftir náttúrunni og fylgjast með árstíðabreytingum og hegðun skordýra.

Á fimmta stiginu fara börnin að gera tilraunir þar sem spurning þeirra verður „hvað gerist ef ég geri svona?“ og á sjötta stiginu verða börnin skapandi. Náttúran er meira en eitthvað sem bara þarf að skilja eða hafa tengsl við. Náttúran er nokkuð sem við getum breytt og haft gaman af. Börnin finna upp nýja leiki, ímynda sér, syngja, setja upp leikrit

---

<sup>113</sup> Dewey 2000a:260

<sup>114</sup> Madsen 1988:141–142



og skálda sögur og hafa gaman af því að hlusta á sögur. Sígild spurning barns á þessu þrepi er „hvernig get ég nýtt náttúruna?“<sup>115</sup>

Síðasta reynsluþrepið einkennist af því að börnin auka skilning sinn við að vinna eitthvert handverk. Þau velta fyrir sér hvernig þau geti breytt náttúrunni á grundvelli vitneskju, sköpunar og þekkingar. Börnin velta fyrir sér úr hverju hlutirnir eru búnir til og hvernig. Á þessu stigi er gott að gefa börnum kost á að heimsækja vinnustaði til að sjá og skilja vinnuferlið og hvernig náttúruleg efni eru nýtt til annarar sköpunar. Á þessu þrepi er jafnframt gott að börnin fái að spreyta sig við að starta lítilli framleiðslu. Í raun ættu börnin að geta búið allt til sjálf úr náttúrunni í stað þess að kaupa það. Spurning barna á þessu stigi er „til hvers nota aðrar manneskjur þessa vitneskju?“<sup>116</sup> Til að börn geti sem best gengið í gegnum þessi reynsluþrep eru vettvangsferðir mjög ákjósanlegar.

### 4.3 Leikskólakennarinn, barnið og vettvangsferðir

Margir hafa lýst hlutverki og ábyrgð kennarans en sennilega fáir með jafn fallegri ljóðrænni vísun til náttúrunnar eins og Guðmundur Finnbogason gerði árið 1903 í bók sinni *Lýðmenntun*, þegar hann sagði:

Kennararnir eru akuryrkjumenn á andans akri þjóðarinnar, þeim er falið á hendur að búa barnssálirnar undir lífið og gróðursetja fræin, sem framtíð þjóðarinnar sprettur upp af. Þeir er settir til að vekja til lífsins hæfileika barnanna og beina þeim í rétta átt. Þeir eiga að vera á verði, *hvar sem lítið lautarblóm langar til að gróa*, [...] hlúa að því og færa því ljós og yl. Þeir eiga að miðla börnunum andans arfi þjóðarinnar og gjöra hann arðberandi í sálum þeirra. Engin staða í mannfélaginu er því mikilvægari eða hefur víðtækari áhrif í allar stefnur en kennarastaðan.<sup>117</sup>

Þessi orð Guðmundar tjá vel hina miklu ábyrgð leik- og grunnskólakennara. Hér verður fjallað um nálgun leikskólakennara í vettvangsferðum með börnum, en það eru atriði er grunnskólakennarar þurfa jafnframt að vera meðvitaðir um.

Vettvangsferðir eru algengar í leikskólum landsins þar sem örnefni í umhverfi eru þá m.a. kennd og umfjöllun um heimaslóðir í sögulegu samhengi höfð að leiðarljósi. Börnin læra um veðurfar, árstíðir, viðeigandi klæðnað, aðlögun manna og dýra og fleira.

---

<sup>115</sup> Madsen 1988:142–143

<sup>116</sup> Madsen 1988:142–143

<sup>117</sup> Guðmundur Finnbogason 1994:153

Leikskólakennarar kvarta þó oft um að þá vanti faglega ráðgjöf, námskeið eða bæklinga um hugmyndir að verkefnum er lúta að umhverfismennt með börnum.<sup>118</sup>

Joseph Cornell talar um í bók sinni *Sharing Nature with Children* að einungis með því að deila okkar dýpri hugsunum og tilfinningum eigum við raunveruleg samskipti og getum um leið kveikt áhuga hjá öðrum. Þegar við deilum áhuga okkar og virðingu á náttúrunni með börnunum, þá kveikjum við áhuga þeirra á því að kanna og rannsaka umhverfi sitt með okkur. Þannig getur gagnkvæmt traust og vinskapur myndast á milli þess fullorðna og barns. Kennari þarf að gefa sér góðan tíma, hlusta, vera vakandi, og geta breytt fyrirfram ákveðinni áætlun og tekið þátt í áhuga barnanna. Skoða og upplifa fyrst, tala og útskýra seinna.<sup>119</sup>

Þegar leikskólakennari er að upplifa umhverfi og náttúru með börnum er ekki aðalatriðið að miðla stanslaust upplýsingum og fræða. Oft er gott að vera fær um að upplifa náttúru og umhverfi saman án orða. Þá nálgun má tengja nýrri kenningum, t.d. hugsmíðahyggjunni sem rekja má til uppeldisfræðinganna Jean Piagets, Lev Vygotskys og John Deweys. Hugtakið hugsmíðahyggja er skilgreint út frá því að nám einkennist af virkni nemenda og að þeir byggja upp þekkingu sína á fyrri reynslu. Einnig að þeir vinni lausnarmiðaða verkefnavinnu, einir eða í hópi og noti gagnrýna hugsun í tengslum við leit sína, úrvinnslu og umbreytingu í nýja þekkingu. Samkvæmt hugsmíðahyggjunni er hlutverk kennarans ekki eingöngu að fræða heldur frekar að leiðbeina. Hann styður nemendur sína faglega við að öðlast nýja þekkingu með því að spyrja spurninga sem vekja þá til umhugsunar og áframhaldandi rannsóknarvinnu.<sup>120</sup>

Í vettvangsferðum njóta börn náttúru og umhverfis með beinni upplifun. Það er reynsla höfundar frá vettvangsnámi í mismunandi leikskólum í sveit og þéttbýli, að þegar börnum þar gafst kostur á að fara út fyrir leikskólalóðina í skógarferðir eða aðrar ferðir í óspillta náttúruna breyttust leikir þeirra. Þau fóru að leika sér meira saman. Stórir steinar urðu að virkjum, minni steinar að stólum og borðum og í skógarferðunum breyttust tré í ýmis form. Grasið, skordýr, laufblöð, steinar og fleira í umhverfinu vöktu upp löngun hjá börnunum til umræðna, rannsókna og leikja. Bryggjuferðir kveiktu skemmtilegar

---

<sup>118</sup> Sigurlín Sveinbjarnardóttir 1990:37

<sup>119</sup> Cornell 1998:14

<sup>120</sup> Björg Vigfúsina Kjartansdóttir 2001. Vefslóð:

<http://www.ismennt.is/not/lybaek/hugbunadur/birting/bjorgvk/margmidlunoghug/hugsmidahyggja.htm>

spurningar og bátarnir sem börnin fengu að fara upp í breyttust í ævintýralegustu sjóræningjaskip og leikirnir þar þróuðust síðan áfram í leikskólanum marga daga á eftir.

Kristín Norðdahl talar um sömu jákvæðu útkomu í þróunarverkefni sínu *Að leika og læra í náttúrunni*. Þar bar hæst hinn sjálfssprotna leik barna í skógarferðum í verkefninu, ásamt nýtingu þeirra á efnivið sem þau fundu á staðnum. Greinilegt var að umhverfið ýtti undir skapandi hugsun barnanna. Einnig kom fram að samskipti barnanna væru öðruvísi og þau væru í betra jafnvægi. Minna væri um árekstra, samskipti kennara og barna væru betri og nánari heldur en innan veggja leikskólans.<sup>121</sup>

Rachel Carson dró þá ályktun að áhugi á náttúrunni væri börnum meðfæddur og það væri mjög mikilvægt fyrir þau að sá eiginleiki fengi að þroskast og dafna með umgengni við náttúruna allt frá frumbersku. Slíkt uppeldi væri ekki bara mikilvægt fyrir börnin sjálf, heldur samfélagið allt og náttúruna.<sup>122</sup> Carson hafði jafnframt þá trú að það að rannsaka náttúruna með börnum, gæfi fullorðnum einstaklingum kost á að opna augu sín fyrir því sem væri allt í kringum þá, þeir lærðu upp á nýtt að nota skilningarvitin. Hún taldi að það væri hægt að hjálpa börnum að heyra raddir náttúrunnar í kringum þau. Það þyrfti að gefa sér góðan tíma með þeim til að virkilega hlusta á hljóð jarðarinnar, hljóð þrumanna, vindsins, brims hafsins, kliðar lækjarins, fossins og velta fyrir sér hvað þessi hljóð merktu.<sup>123</sup>

Sá tími sem leik- og grunnskólakennari og börn eiga saman í upplifun án orða er oft vanmetinn vegna þess að árangur kennarans þarf svo oft að vera mælanlegur. Mælingin tekur ekki tillit til árangurs hans hvað varðar tilfinningalega og siðferðilega nálgun með börnunum. Sá árangur er oft og tíðum mikill og jafnframt mikilvægur. Til að kennari geti komið til móts við þessa nálgun, verður hann hafa svigrúm til að gefa af sjálfum sér.

Við getum farið út og notið þessa fagra leikrits sem náttúra og umhverfi býður upp á, þar sem leiktjöldin eru margbreytileg og í mismunandi hlutverkum. Jörð, sól, vatn og lífríkið allt, hvergi kyrrstaða, allt á hreyfingu. Við þurfum bara að læra að taka þátt í þessu leikriti því reynslan hefur sýnt að fullorðnir geta alið með sér umhverfisvitund og mikilvægt er að hrífa börnin með, því þau þurfa að læra strax að umgangast náttúruna,

---

<sup>121</sup> Kristín Norðdahl 2005. Vefslóð: <http://netla.khi.is/greinar/2005/022/index.htm>

<sup>122</sup> Sigrún Helgadóttir 2002:185

<sup>123</sup> Carson 1998:84

skilja hana, elska og vita að hún skiptir máli.<sup>124</sup> Börn sjá heiminn á annan hátt en fullorðnir og mæta því viðfangsefnum sínum oft með meiri áhuga en þeir sem eldri eru. Þau hafa líka iðulega lausnir við því sem fullorðnum hefur yfirsést og þess vegna geta börn kennt okkur á sama hátt og við þeim.<sup>125</sup>

Leikskólakennari hefur ekki einungis það hlutverk að njóta með börnunum. Hann þarf einnig að fræða og vera stjórnandi sem leiðbeinir og gerir áætlanir. Kennarinn getur þá verið kveikjan að uppgötvun sem verður að skemmtilegri reynslu þegar hann sýnir einlægán áhuga á því sem verið er að skoða. Leikskólakennari sem virkar áhugalaus getur ekki viðhaldið áhuga barna eða fengið þau til að hrífast með sér.<sup>126</sup> Leikskólakennari verður einnig að skipuleggja vettvangsferðir vel miðað við samsetningu barnahópsins, fjölda, aldur, þarfir, þroska og áhuga. Hann þarf að kynna sér vel og lesa sér til um þau svæði eða söfn sem skoða á. Hann þarf jafnframt að athuga hvað viðfangsefnin bjóða upp á til rannsókna og leikja samfara því en einnig að hafa í huga hvernig farið verði á milli staða og ákveða, í samráði við börnin, hvað skuli tekið með í ferðirnar.<sup>127</sup> Vettvangsferðir eru nauðsynlegar í samfélagi okkar til að ýta undir áhuga barna hvað varðar náttúrulegt og manngert umhverfi og ekki síst til að hvetja til frjálsra leikja og auka samhug meðal barna og kennara. Hvort ferðir eru stuttar eða langar, ákveðnar með löngum fyrirvara eða stuttum, er kannski ekki alltaf aðalatriðið, heldur að tækifærið sé gripið í góðu sumarveðri eða þegar fyrsti snjórinn fellur.

Gleðin ætti að vera í fyrirrúmi því börn eru oft móttækilegri fyrir lærdómi ef kennslan fer fram á þeirra forsendum. Leikskólakennari ætti að hafa hugfast að áhugi hans er smitandi og jafnvel helsti kostur hans sem kennara.<sup>128</sup> Upplifun og fræðsla undir berum himni hefur verið tíunduð hér en vert er að spyrja hvort að slík fræðslunálgun sé möguleg innan t.d. grunnskólakerfisins? Hvað með miðstýringu íslenska skólakerfisins?

#### **4.3.1 Samræmingarárátta skólanna og byggðaröskun**

Íslenska skólakerfið hefur löngum þurft að ganga í gegnum samræmingarárátta, sem varð til með fræðslulögunum 1946, þar sem hugmyndafræðin gekk út á að jafna aðstæður

<sup>124</sup> Sigrún Helgadóttir 2002:189

<sup>125</sup> Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir 1994:19

<sup>126</sup> Leikskólinn Tjarnarsel 2002:13

<sup>127</sup> Leikskólinn Tjarnarsel 2002:13

<sup>128</sup> Leikskólinn Tjarnarsel 2002:69

fólks til náms. Miðstýringin hefur m.a. leitt til þess á liðnum áratugum að megnið af námsefni skóla hefur verið samið með heiltæk markmið í huga, þau sömu fyrir alla, alveg sama hvar þeir kunni að búa á landinu. Slíkt hefur að mati Braga Guðmundssonar orðið til þess að nemendur dreifðra byggða finni oft litla tilvísun til þess sem þeir eru að læra og má þannig segja að landsbyggðarskólar mennti börn sín burt í stað þess að mennta þau heim.<sup>129</sup> Til að bregðast við slíkri þróun eru sennilega margar leiðir færar. Ein þeirra er að byggja upp og auka við þekkingu nemenda á sínu nánasta umhverfi og freista þannig að styrkja böndin við áttthagana.<sup>130</sup> Mikilvægt er að byrja sem fyrst á yngstu kynslóðinni í leik og grunnskólum landsins.

Byggðaröskun á landsbyggðinni er áhyggjuefni í augum margra. Í rannsókn Stefáns Ólafssonar frá árinu 1997 á orsökum búferlaflutninga kemur fram að eftir 1980 hafi landsbyggðin farið að tapa fjölda fólks aftur til höfuðborgarsvæðisins. Áður hafði verið nokkurt hlé frá fyrri búferlaflutningum frá landsbyggðinni, sem hófust á sjöunda áratugnum. Á síðustu árum 20. aldar sló þessi landsbyggðarfækkun öll fyrri met. Stefán bendir jafnframt á að mest sé fækkunin á þeim svæðum sem byggja atvinnu sína á sjávarútvegi og landbúnaði.<sup>131</sup>

Bragi Guðmundsson segir að ef litið sé til nágrennalanda hvað varðar samanburð við Ísland þá sjáist hvergi dæmi um jafn fjölmennt höfuðborgarsvæði og héraendis miðað við íbúahlutfall af heild.<sup>132</sup> Heimabyggð höfundar, Skagaströnd hefur ekki farið varhluta af þessari fólksfækkun og er málið honum því nokkuð hugstætt ekki síst þar sem umhverfismennt og grenndarkennsla gæti hugsanlega orðið sú lyftistöng sem byggðalagið gæti nýtt sér í skólastarfi og í atvinnulegu tilliti í formi umhverfisverkefnis.

En þó að búferlaflutningar af landsbyggðinni standi mörgum Íslendingum nærri, þá hafa fleiri þjóðir glímt við fækkun fólks í dreifbýli. Má þar nefna frændur okkar Norðmenn sem hrundu af stað verkefni til þess að takast á við vandann.

#### 4.3.2 Lófót verkefnið

Kennarar á Lófót í Noregi lögðu upp með metnaðarfullt verkefni sem er einkennandi fyrir grenndarfræði sem rannsóknar- og kennsluáðferð. Þar var lögð áhersla á að þróa

<sup>129</sup> Bragi Guðmundsson 2000:52–53

<sup>130</sup> Bragi Guðmundsson 2000:50

<sup>131</sup> Stefán Ólafsson 1997:190–191

<sup>132</sup> Bragi Guðmundsson 2002:407

grunnskólastarf sem miðaðist við að unnið var út frá atvinnuháttum og menningu viðkomandi byggðar.<sup>133</sup> Að nemendur yrðu fyrst og fremst læsir á nánasta umhverfi sitt á landfræðilegan, menningarlegan og náttúrufræðilegan hátt, með það að leiðarljósi að líta síðar til þeirra staða sem fjarlægari væru.<sup>134</sup> Mikið var búið til af námsefni sem nýttist innan og utan þeirra sjö skóla sem tóku þátt og vakti verkefnið mikla athygli. Erfiðleikar voru miklir, m.a. í samskiptum stjórnenda og kennara eða skóla vegna tíðra kennaraskipta og árekstra vegna gildandi námskráa. Þær spurningar sem skólarnir glímdu við var t.a.m hvaða viðfangsefni væri best að nota á hverjum stað fyrir sig. Á einum staðnum varð skreiðin fyrir valinu og var þá unnið í tengslum við fiskimenn á svæðinu, fasta búsetu þeirra, fjölskyldur, launagreiðslur, vinnuáðstæður og fleira. Í rökstuðningi fyrir verkefninu lágu mörg og mismunandi sjónarmið allra þeirra sem stóðu að því, bæði uppeldis- og kennslufræðileg sjónarmið sem og félagsleg og byggðapólitísk.<sup>135</sup> Jafnframt var lögð áhersla á að nýta vel bæði unga sem aldna í verkefninu. Þess var vænst að afleiðingin yrði jafnvel til þess að nemendur gætu hugsað sér að setjast að á Lófót eða annarsstaðar á landsbyggðinni þrátt fyrir sterkt aðdráttarafl stærri byggðakjarna.<sup>136</sup>

Við nútíma aðstæður þykir mörgu ungu fólki heimahagarnir á landsbyggðinni fremur óspennandi, en kennarar og skólar geta kannski með ákveðinni áherslu á viðfangsefni heimabyggðar dregið úr búferlaflutningum þó að þeir geti kannski ekki stöðvað þá alveg.<sup>137</sup>

Eygló Björnsdóttir talar um Lófót-verkefnið í lokaritgerð sinni og segir að könnun hafi verið gerð meðal kennaranna sem unnu að verkefninu eftir að því lauk. Spurt var hvort kennsluáherslurnar hefðu haldist í þeim skólum þar sem verkefnin voru unnin. Í niðurstöðum kom fram að 97% kennara töldu verkefnið hafa verið þarft og mikilvægt en aðeins helmingur kennarafjöldans væri að vinna samkvæmt hugmyndafræðinni og þá aðeins af frumkvæði þeirra sjálfra, ekki skólanna í heild. Það sýnir hversu mikilvægt er að koma grenndarkennslu að sem yfirmarkmiði skólanna til að tryggja góðan árangur.<sup>138</sup>

<sup>133</sup> Bragi Guðmundsson 2000:34–35

<sup>134</sup> Bragi Guðmundsson 2000:51


<sup>135</sup> Bragi Guðmundsson 2000:50–51

<sup>136</sup> Bragi Guðmundsson 2000:35–36

<sup>137</sup> Høgmo 1981:85

<sup>138</sup> Eygló Björnsdóttir 2003. Netslóð: <http://vefir.unak.is/heimaslod/ritgerd/default.htm>

Þetta verkefni er mjög heillandi og jafnframt sterkt dæmi um hvernig fólk í dreifbýli getur reynt að snúast til varnar gegn þeirri byggðaröskun sem víða hefur átt sér stað. Til þess að hægt sé að framkvæma álíka verkefni verður áhugi að vera til staðar af frumkvæði heimamanna. Þessi hugmynd kennara á Lófót er þó of erfíð fyrir leikskólabörn en lengi býr að fyrstu gerð og hugmyndaríkir leikskólakennarar geta nýtt hugmyndina og aðlagð að mismunandi aldri og þroska barna. Verkefnið miðast við að börn læri frá því nálæga til þess fjarlæga, en það má nálgast með leikskólabörnum t.d. með vettvangsferðum, sögulestri, kveðskap, með heimsóknum í fyrirtæki og stofnanir og leikjum á mismunandi stöðum innan byggðarlags og í sveitinni í kring.



Mynd 1: Viðfangsefni grenndarnáms.<sup>139</sup>

Skýringarmyndin hér fyrir ofan sýnir hvernig vinna má með byggðalag í umhverfis- og grenndarkennslu. Við fyrstu sýn líkist myndin uppdrætti að sólkerfi en heildarhugsunin á bak við skýringarmyndina er að líta beri á viðfangsefnin út frá náttúrulegum kringumstæðum byggðar, sögu hennar, atvinnuþáttum og menningu. Síðan

<sup>139</sup> Høgmo 1981:96

skiptir hugmyndaðgi leik- og grunnskólakennara mestu við að finna leiðir til að tengja þessar nálganir á hagnýtan og skemmtilegan hátt miðað við þroska og getu barna. Síðar má víkka umfjöllunina frá heimabyggð til annarra byggðalaga landsins og umheimsins.<sup>140</sup>

Þessa skýringarmynd má nýta á marga vegu og setja þá mismunandi viðfangsefni fyrir miðju og þá þætti sem tengja má umhverfismennt og grenndarkennslu, allt eftir því sem verður fyrir valinu hvert sinn. Má þar nefna námsvið *Aðalnámskrár leikskóla* og ekki síst námsvið *Aðalnámskrár grunnskóla*.

Sem dæmi um viðfangsefni í skólum, er jafnframt tengjast vel þessari skýringarmynd hér að ofan, nefnir Bragi Guðmundsson að t.d. námsviðið málrækt geti tengst örnefnum, framburði, mállýskum og þjóðsögum heimabyggðar. Saga yrði jafnvel fjölskyldu og ættarsaga. Tónmennt megi tengja við tónlistarhefð og ljóð heimahéraðs. Myndmennt geti tengst myndlistarhefð byggðar. Námsviðið handmennt mætti nálgast með rannsókn um handverkshefð fyrr á tímum, ásamt nútíma handverkshefð. Íþróttir mætti tengja við leiki fyrr á tímum og í nútíma. Erlend mál mætti tengja við tökuorð og innflutta menningu og svo mætti hér lengi telja.<sup>141</sup> Vinna má með námsviðin á fjölbreyttan máta í tengslum við fyrirtæki, stofnanir og nærtæk söfn. Skoða má atvinnuhætti í fortíð og nútíð í formi vettvangsferða. Fjölbreytta útikennslu mætti nota með árangursríkum hætti innan heimabyggðar sem utan.

Leik- og grunnskólakennarar ættu að nýta staðarmenningu sína og barnanna hvar sem þeir eru staddir til hins ýtrasta, og má vitna í orð Braga Guðmundssonar sem segir að það mætti skilgreina staðarmenningu á sama máta og uppeldisfræðingar hafa löngum gert með því að spyrja „Hvað er barn?“ og breyta því í „hvað er byggðalag?“<sup>142</sup> og hvað höfum við þar?

---

<sup>140</sup> Bragi Guðmundsson 2000:50–51

<sup>141</sup> Bragi Guðmundsson 2000:55–56

<sup>142</sup> Bragi Guðmundsson 2000:54



## 5. Skagaströnd



Mynd 2: Skagaströnd<sup>143</sup>

Upphaf byggðar á Skagaströnd er frekar óljós en í *Landnámu* er talað um tvo landnámsmenn, þá Hólmgöngu Mána og Eilíf Örn sem áttu að hafa numið land nyrst á Skaga.<sup>144</sup> Saga byggðar á Skagaströnd er frá upphafi tengd verslun og fiskveiðum þar sem lendingaraðstaðan skapaði skilyrði fyrir verslunina og í kringum hana varð síðan byggðin til

Skagaströnd er upphaflega talin byggð úr landi jarðarinnar Höfðahóla, forns höfuðbóls sem stóð á mjög falletgu svæði neðan svokallaðra Hólabergja<sup>145</sup> Skagaströnd mun hafa verið mjög gróðursæl og fögur á landnámsöld en með landnáminu eyddust skógar fljótt og landið fór að blása upp. Sjávarútvegur og landbúnaður hefur jafnan verið aðalvinnuvegur Skagstrendinga og Húnaflóinn gjöfull af fiski. Verstöðvar voru hér meðfram strandlengjunni áður fyrr og líf fólks þá oft erfitt.<sup>146</sup> Þótt Skagaströnd sé ekki skógi vaxin er byggðin mjög fallett sjávarþorp þar sem gull náttúrunnar eru óþrjótandi. Börn byggðarinnar geta auðveldlega notið sín í náttúru og umhverfi með kennurum sínum í leik og starfi og styrkt þannig tengsl, bæði við náttúrulegt og manngert umhverfi. En getur verið að þó umhverfið sé fagurt séu börnin að fá neikvæð skilaboð úr ýmsum áttum sem geta jafnvel haft misgóð áhrif á sjálfsvitund þeirra?

---

<sup>143</sup> Heimasíða Skagastrandar 2003. Vefslóð: <http://skagastrond.is/baerinn.asp>

<sup>144</sup> Páll Jónsson og fleiri 1975:508

<sup>145</sup> Sigurjón Björnsson 2005:44

<sup>146</sup> Páll Jónsson og fleiri 1975:510–511

## 5.1 Í átt að skýrri sjálfsvitund

Mannkynið hefur löngum glímt við spurningarnar hver er ég? hver erum við öll? og hver eru einkenni okkar sem hóps? Án sjálfsþekkingar getum við seint komist að niðurstöðu. Yfirleitt hefur þótt duga að útskýra atferli einstaklinga með vísun til erfða og uppeldisáhrifa frá umhverfi okkar.<sup>147</sup> Það er margt sem mótar okkur og má þar telja foreldra, félag, fjölmiðla og ekki síst skólann miðað við aldur hvers og eins. Kyn og aðrar ytri aðstæður skipta einnig máli. Það er síðan misjafnt hvernig úrvinnsla okkar er hvað þessa mótun varðar eða hin misjöfnu áreiti sem við verðum fyrir frá umhverfinu. Því verður að segja að umhverfi okkar eigi stóran þátt í að gera okkur að þeim einstaklingum sem við erum.<sup>148</sup> Boð dagsins í dag geta verið önnur en morgundagsins og er sjálfsvitund okkar nútímafólks í nánú samhengi við það sem fortíðin bar í skauti sér, ásamt því sem kann að gerast í framtíðinni.<sup>149</sup>

Til þess að átta okkur á sjálfsvitundarhugtakinu „hver er ég“ hefur skoski sagnfræðingurinn T. C. Smout bent á að best sé að fara í smá hugarleikfimi og ímynda sér að umhverfis hvert og eitt okkar séu margir sammiðja hringir, í miðjunni sé einstaklingurinn sem við á, fjölskylda hans í hring næst honum og síðan í þriðja hring stórfjölskyldan eða ættin, sem nokkuð er farið að kvarnast úr með aukinni stofnanavæðingu eins og fram hefur komið. Í fjórða hring væri þá byggðalag einstaklings, því næst sýsla og nálægar sýslur. Næsti vitundarhringur þar fyrir utan væri Ísland þar sem við erum Íslendingar og síðan öll Evrópa.<sup>150</sup>


---

<sup>147</sup> Bragi Guðmundsson 2000:21

<sup>148</sup> Eygló Björnsdóttir 2003. Netslóð: <http://vefir.unak.is/heimaslod/ritgerd/default.htm>

<sup>149</sup> Bragi Guðmundsson 2000:22

<sup>150</sup> Bragi Guðmundsson 2002:401



Mynd. 3: Í átt að skýrri sjálfsvitund<sup>151</sup>

Skýringarmyndin hér að ofan sýnir hugmynd T .C. Smout þar sem lögð væri áhersla á að barn lærði frá því nálæga til hins fjarlægja í umhverfinu. Barnið sjálft er í brennidepli, fjölskylda þess og ættarsaga, leikskólinn og leikskólalóðin. Byggðarlag barnsins, hér Skagaströnd, og náttúruperlur þess, allt umhverfið, fyrirtæki og stofnanir. Umhverfi Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, síðan Norðurland allt til þess sem fjarlægur liggur á landinu til umheimsins alls.

Nýta ber vel þá menningarlegu þætti sem Skagstrendingar eiga sjálfir í samfélagi, s.s. byggðasögu, aðrar bókmenntir, ljóð, kveðskap og tónlistarhefð. Náttúruperlur heimahaganna yrðu skoðaðar í formi vettvangsferða og með beinni kennslu.

Börnin gætu t.d. fengið það viðfangsefni að segja sögu fjölskyldna sinna af langafa og langömmu, ömmu og afa, mömmu og pabba hvað varðar ætt og uppruna.<sup>152</sup>

Örnefnasögur frá byggðinni og héraðinu mætti rannsaka með beinum hætti. Samvinna við elstu kynslóðina á dvalarheimili aldraðra væri mjög mikilvægur kostur með frásögum þeirra sem muna tímana tvenna, kynslóð sem hefur oftast tíma og ánægju af því að segja frá og lumar stundum á gömlum ljósmyndum sem börnin geta fengið að skoða.<sup>153</sup> Atvinnuhætti byggðarinnar í fortíð, nútíð og framtíð væri einnig hægt að kanna.

<sup>151</sup> Í átt að skýrri sjálfsvitund: [Hönnun Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir 2006]

<sup>152</sup> Ingólfur Á. Jóhannesson og fleiri 1985:10

<sup>153</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:80

Þessi nálgun getur orðið til þess að börnin læri að elska og virða betur sitt nánasta umhverfi og eflt grenndarvitund sína í leiðinni.

Í viðtali við Hildi Ingólfssdóttur skólastjóra við grunnskólann á Skagaströnd kom fram að kennsluhættir í tengslum við umhverfismennt og grenndarkennslu séu aðallega í formi ruslatínslu tvisvar á skólaárinu og vegna tíðra kennaraumskipta við skólann sé lítið unnið með nánasta umhverfi barnanna og þann þátt þyrfti að auka.<sup>154</sup>

## 5.2 Brot um sögulegar heimildir Skagastrandar

Bragi Guðmundsson nefnir að það sé freistandi að hefja leit í því fjölbreytta efni sem áttahagafélög, sögufélög og önnur félagasamtök hafa gefið út um og eftir miðja síðustu öld<sup>155</sup> og er óhætt að taka undir þá skoðun hans. Leik- og grunnskólakennarar mættu einnig nýta það fjölbreytta efni betur í öllu skólastarfi er lýtur að byggðalögum stórum sem smáum.

Til þess að halda áttum í hraða nútímans er hverri manneskju mikilvægt að hafa fast land undir fótum sér. Þekkja sögu forfeðranna og vita skil á umhverfi sínu. Menningararfurinn, ekki síst bókmenntirnar geta þá verið góð andleg kjölfesta sem leita má til vegna styrks og áræðis til frekari athafna.<sup>156</sup>

Páll V. G. Kolka segir svo í formála *Sögu Skagstrendinga og Skagamanna* 1941.

Íslendingar hafa aldrei átt svo annríkt við störf líðandi stundar, að þeir hafi ekki gefið sér tóm til að vernda sögulönd sín fyrir sandfoki tímans. Hvert gamalt handrit, skrifað með fjaðurstaf á skinn eða blað, sem geymt hefur verið frá glötun er eins og grænn skiki, sem forðað hefur verið frá uppblástri, hver munnmælasaga, þjóðsaga, húsgangsvísa og málsháttur er eins og djúpsett rót[...] hélt lífinu í í tungu vorri og þjóðerni. [...] Sumir voru höfðingjar[...]aðrir voru fátækir alþýðumenn sem höfðu lært að draga til stafs með því að krota letur á glær svell út um tún og haga[...] Þeir skiluðu eftirkomandi kynslóðum ómetanlegum gersemum sem þeir varðveittu frá glötun.<sup>157</sup>

Hvað varðar byggðarlagið, Skagaströnd, mætti nefna allmörg rit til sögunnar. Þrjár sjálfstæðar bækur Magnúsar Björnssonar á Syðra- hólí, *Féðraspor og fjörusprek*<sup>158</sup>, *Hrakhólar og höfuðból*<sup>159</sup> og *Mannaferðir og fornar slóðir*.<sup>160</sup> Einnig má nefna safnritið

<sup>154</sup> Hildur Ingólfssdóttir 2006

<sup>155</sup> Bragi Guðmundsson 2002:416

<sup>156</sup> Sigríður Steinbjörnsdóttir 2000:370

<sup>157</sup> Gísli Konráðsson 1941:7–8[ Hér er vísað til Páls. V. G. Kolka]

<sup>158</sup> Magnús Björnsson 1966 *Féðraspor og fjörusprek*.

<sup>159</sup> Magnús Björnsson 1959 *Hrakhólar og höfuðból*

<sup>160</sup> Magnús Björnsson 1957 *Mannaferðir og fornar slóðir*

*Svipir og sagnir* I-V<sup>161</sup> og safnritið *Húnaþing* I<sup>162</sup> sem kom út árið 1975 og *Húnaþing* II<sup>163</sup> er kom út árið 1978 og *Saga Skagstrendinga og Skagamanna* eftir Gísli Konráðsson. Einnig má hér nefna bókina *Byggðin undir Borginni* sem kom út árið 1989.<sup>164</sup>

Ungmennasamband Austur- Húnavatnssýslu hóf síðan árið 1961 útgáfu á *Húnavöku* sem er árviss efnisskráning atburða úr héraðinu, eftir marga höfunda og innihaldið fjölbreytt. Mestur hluti þeirra skrifa tengjast þjóðlegum fróðleik, daglegu lífi fólks og málefnum héraðsins í starfi og leik.<sup>165</sup> Hér mætti auðvitað nefna fleiri rit til sögunnar, ljóðabækur eftir feðgana Kristján Hjartarson og Rúnar Kristjánsson sem eru orðnar nokkrar, má þar nefna *Bræðingur og brotasilfur*<sup>166</sup> og *Ljóð frá Skagaströnd* eftir Rúnar.<sup>167</sup> Margar skemmtilegar sögur, hugmyndir og vísur eru í þessum bókmenntum sem mætti auðveldlega laga að leik- og grunnskólabornum. Ekki er ráðrúm til að fjalla mjög djúpt um aðferðirnar hér en þessar bókmenntir eru ríkar af fróðleik er lýtur að byggðinni og Austur-Húnavatnssýslu í formi fagurra landslagslýsinga, örsagna af fólki, þjóðsagna, örnefnasagna, leikja, kveðskapar o.fl. þar sem m.a. er hægt að rekast á örnefni sem hafa löngum glatast í tímans rás.

Gunnar Árnason segir svo af Laxárdal árið 1953:

Nú er það stóðið, sem leikur sér mestan hluta dalsins[...] En hver veit, kannske koma nýir tímar, einhvern tíma? Það væri hægur vandi að með þeirri tækni sem nú er að leggja að kalla þráðbeinan veg eftir dalnum[...] Þá kynni nýtt fólk að una þar glatt[...]En hvort eða hvenær sem þeir koma, hinir nýju menn, munu þeir aðeins vita fátt eitt um hinar grónu götur, gleymdu örnefni og horfðu kynslóðir.[...] Lítið þekkja grát og gleði, sigra og ósigra þeirra er fyrrum byggðu dalinn.<sup>168</sup>

Þessar bókmenntir geta reynst skólasamfélagi Skagastrandar ómetanlegur stuðningur þegar kemur að hugmyndum að námsefni og verkefnum fyrir börn í nánasta umhverfi þeirra. Þær geta gefið þeim kost á að tengja saman fortíð og nútíð á skemmtilegan hátt og eftt þannig staðarmenningu byggðarinnar. Saga Skagastrandar getur þannig öðlast merkingu frá fortíð til nútíðar og börnum gefist kostur á að kynnast kaupstaðnum með fjölbreyttri nálgun.

<sup>161</sup> *Svipir og sagnir* I-V 1948–1962

<sup>162</sup> *Húnaþing* I 1975

<sup>163</sup> *Húnaþing* II 1978

<sup>164</sup> Bjarni Guðmarsson 1989 *Byggðin undir Borginni*

<sup>165</sup> Bragi Guðmundsson 1982:70

<sup>166</sup> Rúnar Kristjánsson 2004 *Bræðingur og brotasilfur*

<sup>167</sup> Rúnar Kristjánsson 1991 *Ljóð frá Skagaströnd*

<sup>168</sup> Gunnar Árnason 1953:225–275

Saga frá hinu þekktu til hins óþekktu hlýtur að hrífa börnin meira en sú sem er fjarlægari og hefur litla merkingu fyrir þau.<sup>169</sup> Í þessari samvinnu verða leik og grunnskólakennarar þó að aðlaga verkefni eða nálgun sína að mismunandi aldri og þroska barna. Ef samvinna innan skólaumhverfis Skagastrandar og sem flestra aðila í samfélaginu tækist vel, gæti í framhaldinu skapast atvinnutækifæri fyrir byggðarlagið hvað varðar ferðapjónustu innan byggðar og jafnvel sýslunnar allrar. Með þessari nálgun má fanga áhersluatriði umhverfismenntar og grenndarkennslu á mjög markvissan hátt. Börn, kennarar, fjölskyldur og aðrir einstaklingar samfélagsins geta unnið að sameiginlegu markíði og kynnst byggðarlagi sínu og sýslunni allri um leið.

### 5.3 Barnið og leikskólalóðin

Leikskólabarnið sem er að byrja í leikskólanum við tveggja ára aldurinn verður að læra að þekkja leikskólann sjálfan og leikskólalóðina og nánasta umhverfi sitt áður en farið er með það í lengri rannsóknarferðir.<sup>170</sup> Eftir því sem börn læra að teygja sig eftir hlutum, skríða, ganga, tala, víkkar og dýpkar hinn eiginlegi reynsluheimur þeirra. Þau kynnast nýjum hlutum og atburðum og umhverfi barnanna verður stærra og víkkar síðan stöðugt með reynslunni sjálfri og verður merkingarbærara um leið.<sup>171</sup>

Leikir geta verið margir og fjölbreyttir innan lóðarinnar til að efla umhverfisskilning barna. Útbúa má t.d. sápukúlulög með börnunum og blása sápukúlur með þeim úti á góðviðrisdögum. Í þessum leik verða börnin mjög meðvituð um umhverfi sitt meðan þau fylgjast með kúlunum svífa um loftið og einnig við að hlaupa á eftir þeim um lóðina.

Það er einnig tilvalið að fela fjársjóð í sandkassa barnanna, eða á öðrum afmörkuðum svæðum innan lóðarinnar og taka þátt í leit þeirra. Fjársjóðurinn getur verið t.d. rúsínur í poka, kubbar, málaðir steinar, kexkökur og fleira.<sup>172</sup> Eins fljótt og auðið er á að gefa börnunum kost á að leika sér með leikskólakennurum sínum fyrir utan leikskólalóðina og koma mörg falleg svæði á Skagaströnd til greina.

Leikskólakennarar geta einnig komið með sérstaka hluti heiman frá sér s.s. skartgrip, öðruvísi leikföng en eru til í leikskólanum, ljósmyndir og margt fleira. Þennan leik má

---

<sup>169</sup> Gunnar Karlsson 1986:18

<sup>170</sup> Leikskólinn Tjarnarsel 2002:19

<sup>171</sup> Dewey 2000b:83

<sup>172</sup> Leikskólinn Tjarnarsel 2000:70

framkvæma jafnt úti sem inni. Kennararnir finna sérstaka hluti til að setja undir teppi og leyfa börnunum að sækja þá þangað, eitt og eitt barn í einu.

Í þessu verkefni er mikilvægt að átta sig á að börnin geta jafnvel ekki öll tjáð sig um hvað hver hlutur heitir og er það heldur ekki markmið leiksins. Aðalatriðið er að börnin fái að skoða hlutina, snerta þá og spyrja spurninga ef þau vilja og geta. Mikilvægt er að kennarar fylgist vel með börnunum og taki fullan þátt í leiknum. Námsvið *Aðalnámskrá leikskóla* tengjast þessum leik vel að mínu mati. Við spjöllum, hreyfum okkur, hlustum, sjáum, uppgötum fegurð umhverfis, hluta, forma og njótum augnabliksins.

#### **5.4 Leikskólabarnið og Spákonufellshöfði**

Spákonufellshöfði er það sem hæst ber innan byggðar Skagastrandar og er hann kenndur við jörðina Spákonufell. Á Spákonufellshöfða er áhugaverð gönguleið. Er talið að á Höfðanum hafi fyrir á tímum verið fallbyssu sem skotið var úr á hverju sumri þegar kaupskip kom frá Danmörku. Fallbyssu þessi er horfin og um afdrif hennar er ekki vitað. Spákonufellshöfði er mjög sæbarinn, úr stórgerðu stuðlabergsbasalti.<sup>173</sup> Við Höfðann var hinn gamli verslunarstaður Höfðakaupstaður sem var aðal verslunarstaður Austur-Húnvetninga þangað til verslun hófst á Blönduósi.<sup>174</sup> Stór vík gengur inn í Höfðann vestanverðan kölluð Vækilvík. Sagnir herma að þar hafi kaupskip legið við festar.<sup>175</sup> Við norðurenda dalsins er síðan hinn tignarlegi klettur Arnarstapi þar sem hrafnar eiga jafnan varpstað. Margar skemmtilegar sögur tengjast Höfðanum og umhverfi hans og má nefna örnefni eins og Tjaldklauf og Reiðingsflöt, þar sem verslunarfolk og bændur tjölduðu og héldu til á meðan það verslaði því margir dagar gátu farið í það.<sup>176</sup> Árið 1934 hófust hafnarframkvæmdir í byggðarlaginu og var sprengt í Höfðanum til að fá grjót í uppfyllingu.<sup>177</sup> Til eru frásagnir af því að þær framkvæmdir hafi fallið álfum Höfðans illa.

---

<sup>173</sup> Heimasíða Skagastrandar 2003. Vefslóð: <http://www.skagastrond.is/umhverfi.asp>

<sup>174</sup> Jón Eyþórsson 1964:54

<sup>175</sup> Jón Eyþórsson 1964:58–59

<sup>176</sup> Páll Jónsson og fleiri 1975:510

<sup>177</sup> Páll Jónsson og fleiri 1975:541[ Hér er vitnað til Magnúsar Konráðssonar]

Hann rís yfir byggðinni brattur og hár,  
en ber þó sín opnu og flakandi sár  
þar sem mannshöndin merki sitt hjó.  
Að lýta svo bölvuð og blæðandi spjöll,  
þessar blóðugu skemmdir á álfanna höll,  
er nóg til að ræna menn ró.<sup>178</sup>

Spákonufellshöfði er ævintýraleiksvæði. Lágir klettarnir, brekkur, mosavaxnir steinar, þúfur, lindir og berjalyng eru leikföng frá náttúrunnar hendi sem geta verið börnum endalaus uppspretta frjórrar starfsemi. Stórir steinarnir geta orðið að hestum fyrir kúreka og indíána eða að hermannaþyrskotum, leynistöðum eftir því sem hentar hvert sinn. Stærstu klettarnir geta auðveldlega tekið á sig þær kynjamyndir sem börnunum eru huglægar eða breyst í álfa og huldufólk, tröll, Fóu Feikirófu, Þorgilsbola. Allt eftir því hvaða skemmtilegu sögur börnin heyra hjá kennurum sínum.

Höfðinn er ríkur af fallegum plöntum, steinum, skordýrum og fleiru til að safna á sumrin. Á veturna má nýta snjóinn í brekkum til að búa til snjókarla og önnur snjóverk og einnig má renna sér í brekkunum og æfa þar jafnvægi, snerpu og þol. Höfðinn býður upp á náttúrulegt leikfrelsi þar sem umhverfi hans getur verið stór mótunarþáttur sem segja má að sé ein besta nálgunaraðferðin fyrir leik- og grunnskólabörn, hvað varðar umhverfismennt og grenndarkennslu. Leikir, rannsóknir og upplifun í náinni snertingu við náttúruna.

#### 5.4.1 Upplifun á Höfðanum

Börn hafa gaman að því að fá að rannsaka í náttúrunni og spyrja oft um meira en fullorðnir geta svarað<sup>179</sup> og þá er gott að eiga þess kost að geta leitað svara með börnunum þegar ferðum lýkur, ef við höfum ekki svörin á reiðum höndum. Á göngu um Höfðann með leikskólabörnum er gaman að segja þeim sögur af svæðinu eða tengdar því.

Tilvalið er að segja söguna af Lárustrandi þegar skipið Laura strandaði undir Finnsstaðanesi, en það er spölkorn frá Spákonufellshöfða,<sup>180</sup> jafnvel aðeins um lokaþátt strandsins sem er um uppboð á strandgóssinu sem náðist úr sjó, þar sem kolin þóttu góður

<sup>178</sup> Rúnar Kristjánsson 1991:19

<sup>179</sup> Madsen 1988:36

<sup>180</sup> Ludvig Carl Magnússon 1995:120



fengur.<sup>181</sup> Sögur herma að þá hafi margt fólk á Skagaströnd fyrst fengið að líta vönduð sterk viðarhúsgögn sem fengu þá hlutverk í híbýlum margra Skagstrendinga.

Í ferðinni geta börnin einnig leikið sér frjálst og fundið sér leynistað sem leikskólakennarar geta síðan heimsótt reglulega með börnunum.

Leikskólakennarar geta einnig safnað blómum, steinum og fleiru úr náttúrunni og sett undir klút, kallað síðan á börnin og sagt þeim að undir klútunum séu nokkrir hlutir úr náttúrunni, sem þau eigi að geta fundið líka. Kennarar sýna börnunum hlutina aðeins, en breiða síðan yfir þá aftur. Börnin fara síðan að safna hlutum úr náttúrunni en geyma þá hjá sér. Kennari dregur síðan einn og einn hlut undan klútum og tjáir sig skemmtilega um hlutina og spyr börnin hvort að þau hafi fundið eitthvað svipað eða eins.<sup>182</sup>

Í gönguferðinni upp á Höfðanum er einnig gaman að hafa meðferðis myndavél, lítil vasaljós og stækkunargler fyrir börnin til að rannsaka saman moldina, gróður, blóm, skordýr, allt sem heillar og finna má í ferðinni.<sup>183</sup> Tilvalið er að börnin fái að taka með sér heim í leikskólann alla þá smáhluti sem þau finna. Hægt er að bjóða þeim upp á að vinna betur með þá seinna í leikskólanum. Skemmtilegt er að útbúa saman leikhús úr stórum pappakassa sem skreyta má með mold, sandi, gróðri og öllu því sem börnin safna í ferð sinni. Einnig er tilvalið að börnin fái að líma utan á og innan í húsið sitt ljósmyndir af þeim sjálfum og leikskólakennurum og af þeim stöðum sem festir voru á mynd í ferðinni. Slíkt hjálpar börnunum að muna ferðina.

Gaman er að hengja einnig allskonar hluti inn í húsið t.d. úr náttúru og umhverfi og skoða þá síðan saman með vasaljósi. Leikhúsið má líka nýta til að setja upp leiksýningar fyrir börnin, nota við upplestur bóka þar sem leikföng/fingrabrúður geta túlkað sögupersónur með hjálp leikskólakennara. Gaman er að nýta einhverjar af þeim bókmenntum sem minnst er á í kaflanum um sögulegar heimildir Skagastrandar. Þær geyma sögur og ævintýri frá mörgum svæðum byggðarinnar sem hægt er að aðlaga að þroska barnanna. Börnin geta einnig sett upp sína eigin leiksýningar fyrir hvert annað og notað leikhúsið í hlutverkaleikjum sínum.

---

<sup>181</sup> Ludvig Carl Magnússon 1995:129–130

<sup>182</sup> Cornell 1998:48

<sup>183</sup> Hrefna Hjálmarsdóttir 2000:380



Mynd 4: Spákonufell.<sup>184</sup>

Fjallið bak við byggðina  
í bláum draumi skín  
og tengist inn í tryggðina  
sem talar það til mín,  
að hér sé lífsins boðna braut  
sem býður upp á gleði og þraut  
uns ævidagur dvín.<sup>185</sup>

#### 5.4.2 Spákonufell og fjársjóður Þórdísar

Fjallið Spákonufell er mjög fagurt og mesta stolt Skagstrendinga. Fjallið er 646 metrar á hæð og gnæfir yfir kaupúnið. Efst á fjallinu er klettabelti sem nefnt er Borgarhaus. Þar uppi er um fjögurra hektara mosavaxin slétta. Er það mörgum undrunarefni að mosalag þetta haldist í slæmu veðri. Á fjallstoppnum er varða sem geymir gestabók fyrir duglega göngugarpa.<sup>186</sup> Austur úr Borginni gengur fjallrani sem heitir Molduxi sem er hæsti kollur, en fjallið kallast Náttmálafjall þ.e. austurendinn. Sunnan og norðan við Borgarhausinn eru urðastrípur, nefndar Spenar.<sup>187</sup> Tvær góðar gönguleiðir eru upp á Spákonufellsborg og þaðan er mjög víðsýnt í góðviðri. Í vestri má sjá yfir Húnaflóa allt til Strandafjalla og Drangajökuls. Hægt er að sjá inn alla sýsluna. Í norðri má sjá Skagaheiðina og við sjóinn má síðan líta Spákonufellshöfðann.<sup>188</sup>

Á seinni hluta 10. aldar bjó kona að nafni Þórdís, kölluð spákona, á bænum Spákonufelli. Landsvæðið þar sem bær hennar stóð er undir fjallinu og er sögu Þórdísar getið í mörgum fornsögum. Sagt er að hún hafi verið mjög skapmikil og göldrótt.<sup>189</sup>

<sup>184</sup> Heimasíða Skagastrandar 2003. Vefslóð: <http://skagastrond.is/baerinn.asp>

<sup>185</sup> Rúnar Kristjánsson 2004:76

<sup>186</sup> Ingibergur Guðmundsson 1992:87

<sup>187</sup> Jónas B. Hafsteinsson 1989:7

<sup>188</sup> Ingibergur Guðmundsson 1992:88

<sup>189</sup> Jón Eyþórsson 1964:54

Þórdís þessi tók í fóstur dreng að nafni Þorvald Koðráns­son og styrkti til mennta. Þorvaldur þessi varð síðan fyrsti íslenski kristni­boðinn hér á landi.<sup>190</sup>

Skemmtileg er sagan af Þórdísi og fjársjóðskistu hennar sem hún á að hafa falið í Spákonufellsborg. Hún á að hafa sagt að aðeins kona sú, sem hvorki væri skýrð í nafni heilagrar þrenningar né nokkur góður guðstitill kenndur skyldi eignast kistuna. Öðrum myndi sýnast kistan sem klettur einn<sup>191</sup> og eru engar sögur um að auðæfi hennar hafi nokkurn tíma komið í leitirnar. Þórdís er talin hafa átt galdrasprota er Hegnöðr hét, sem hún beitti til misjafnra áhrifa.

### 5.4.3 Fjársjóðsleit leikskólabarna

Leikskólabörnum er sögð sagan af Þórdísi spákonu sem fjallið dregur nafn sitt af. Leikskólakennarar setja síðan gamla muni í litla kistu, jafnvel muni frá bernsku sinni eða annað tengt fortíðinni. Kennararnir fela fjársjóðinn í hlið Spákonufells án vitundar barnanna. Síðan útbúa leikskólakennarar og börn í sameiningu fjársjóðsleitarkort og hefja leitina saman.<sup>192</sup> Þegar kistan finnst er gaman að ræða saman um innihaldið og velta fyrir sér í sameiningu, hvort þessi kista geti hugsanlega verið fjársjóður Þórdísar eða einhvers annars. Nauðsynlegt er síðan að gefa börnunum kost á að leika sér frjálst í hliðum fjallsins eða fara í skemmtilega leiki með þeim. Í grænni lautu eða að hlaupa í skarðið og marga fleiri gamla leiki sem eru nokkuð á undanhaldi nú á tímum.<sup>193</sup>

## 5.5 Leikskólabörnin og Kálfshamarsvík

Kálfshamarsvík er athyglisverður staður. Sjávarbergið er úr ægífög­ru stuðlabergi, lóðrétt og lárétt í bogum og sveigjum svo undrun þykir sæta. Talið er að það hafi myndast fyrir tveimur miljónum ára. Á árunum 1910–1930 myndaðist þarna um hundrað manna sjávarþorp vegna gjöf­ulla fiskimiða. Eftir 1930 fækkaðu fólki mjög hratt og flestir fluttu burt. Húsarústir sjást enn í Kálfshamarsvík og eru merktar nöfnum þeirra húsa er þar stóðu ásamt ábúendum þeirra. Í vikin­ni er jafnframt upplýsingaskilti með korti fyrir ferðamenn.<sup>194</sup> Sumarið 1919 var byggður lítill viti í vikin­ni, tæpir 3 metrar á hæð. Hann

<sup>190</sup> Páll Jónsson og fleiri 1975:509

<sup>191</sup> Jón Eyþórsson 1964:54

<sup>192</sup> Ingvar Sigurgeirsson 1981:85

<sup>193</sup> Símon Jón Jóhannesson 1990:115–116

<sup>194</sup> Heimasiða Skagastrandar 2003. Vefslóð: <http://www.skagastrond.is/umhverfi.asp>

var úr járni og látinn duga til ársins 1939. Þá var annar viti byggður, sá sem stendur nú í Kálfshamarsnesi. Hann er 15 metra hár. Allan sand í vitann þurfti að flytja á reiðingshestum upp á nesið því vegur var enginn. Fyrst var gasljós í vitanum en síðan tók rafmagnið við. Vitinn í Kálfhamarsvík og vitinn á Selskerjum á Ströndum, ásamt Skagatáarvita, áttu að lýsa allir saman en stríðið stöðvaði að hægt væri að setja ljósabúnaðinn í Kálfshamarsvita. Þjóðverjar virtust hafa verið á sveimi því byssukúlufar var í vitanum.<sup>195</sup>

### 5.5.1 Gull fjörunnar í Kálfshamarsvík.

Farið er með leikskólabörn í vettvangsferð til Kálfshamarsvíkur á Skaga sem er í um það bil 26 kílómetra fjarlægð frá byggðinni Skagaströnd. Þar má skoða fallett landsvæðið og húsarústir. Fjöruferðir eru ávallt skemmtilegar og í fjörunni í Kálfshamarsvík má finna margt merkilegt og nýtilegt til leikfangagerðar. Gaman er að athuga hvað hefur rekið á fjöruna. Sand, fjaðrir, litla steina og spýtur má nýta til m.a. hljóðfæragerðar. Setja má steina, skeljar og kuðunga í litlar plastflöskur og nota síðan seinna sem hljóðfæri í leikskólanum. Í fjörunni er einnig mikið af stóru grjóti sem heppilegt er að nýta í ólíklegustu kynjaverur í samspili við áhuga barnanna, mála þá síðan með þeim seinna í öllum regnboganslitum.

Fjaran er undraveröld og þar geta börnin gengið á vit ævintýranna sem gera má enn ævintýralegru með því að segja þeim þjóðsögur tengdar þeim svæðum sem heimsótt eru hvert sinn.<sup>196</sup> Þegar börnin hafa rannsakað fjöruna að vild er tilvalið að fara í leiki með þeim. Skynfæraleikir eru m.a. ákjósanlegir. Gott er að finna þægilegt svæði þar sem leikskólakennarar og börn geta sest saman í hring með lokuð augun og hlustað á hljóðin sem heyrast í umhverfinu. Í fjörunni sjálfri eða við gamlar húsarústir. Tákna má síðan hljóðin sem hver heyrir, með fingrum eða annarri tjáningu. Einnig má ræða um þau eftir að hlustun lýkur.<sup>197</sup> Joseph Cornell kallaði slíkan leik að fanga kyrrðina og að sá leikur væri ákjósanlegur til að styrkja tengsl innan barnahóps.<sup>198</sup>

---

<sup>195</sup> Friðrik Einarsson 1982:86

<sup>196</sup> Hrefna Hjálmarsdóttir 2000:375

<sup>197</sup> Leikskólinn Tjarnarsel 2000: 89

<sup>198</sup> Cornell 1998:140–141

Ratleikir eru einnig góður kostur til að börn uppgötvi hluti í náttúrunni þar sem þau fá vísbendingar um að leita að blómi, strátegunum, skeljum eða steinum og fleiru á vissum svæðum í umhverfinu.<sup>199</sup>

Eftir heimsókn leikskólakennara og barna í Kálfshamarsvík er tilvalið að bjóða börnunum upp frjálsan leik með einingakubba í leikskólanum. Þeir eru náttúrulegur efniviður og í kubbaleik er barn að túlka sitt nánasta umhverfi og upplifun.

Einingakubbarnir eru þroskandi efniviður sem tengjast vel námssviðum *Aðalnámskrá leikskóla*.<sup>200</sup> Trékubbarnir gefa börnum kost á að skapa það sem þau vilja og eru þeir tengdir alhliða þroska barns eins og líkams- og hreyfiþroska, tilfinninga-, félags-, og vitsmunþroska, siðgæðis- og fagurþroska.<sup>201</sup>

Þegar börnin eru að vinna með kubbana eru þau að túlka upplifun sína úr nánasta umhverfi og þar koma þau inn á námssviðin náttúru, umhverfi, menningu og samfélag. Þegar börnin tala saman, segja frá og hlusta með athygli á hvort annað og vinna saman, koma þau inn á námssviðið málrækt og hreyfingu. Meðan þau eru að leika sér við byggingar sínar koma þau inn á námssvið myndlistar þar sem þau upplifa fegurðina í sköpun sinni. Í þessum kubbaleik er nauðsynlegt að börnin fái að bæta inn í leiksvið sitt þeim hlutum sem þau hafa tekið með sér heim úr fjöruferðinni. Gróður, skeljar, kuðunga, spýtur, steina, ásamt öðrum leikföngum sem fyrir eru í leikskólanum. Á þann hátt geta þau í gegnum hinn frjálsa leik túlkað menningarheim sinn og reynslu sína úr umhverfi og náttúru sem best.

Hér hefur verið komið inn á fá svæði af mörgum innan sem utan byggðar Skagastrandar þar sem farið hefur verið frá því nálæga í umhverfinu til þess sem fjarlæggar liggur. En til þess að fá sanna mynd af staðnum og héraðinu öllu þarf að koma víðar og skyggjast dýpra því héraðið allt, með fljótum sínum og unaðsreitum, ásamt fólkinu sjálfu, er hin samofna heild Húnavatnssýslu dagsins í dag.<sup>202</sup> Á Skagaströnd og í sveitinni í kring er hafsjór eftir af áhugaverðum svæðum til að leika sér á og fræðast um, en hér verður látið staðar numið.

---

<sup>199</sup> Leikskólinn Tjarnarsel 2002:71

<sup>200</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:19–27

<sup>201</sup> Valborg Sigurðardóttir 1992:58

<sup>202</sup> Haraldur Jónsson 1975:38

Við lifum í efnislegum heimi manna og hluta frá vöggju til grafar. Heimi sem að mjög miklu leyti er það sem hann er vegna athafna fyrri tíðar manna og alls þess sem við höfum hlotið í arf af þeirra verkum. Þegar menn gleyma þeirri staðreynd er fjallað um reynsluna eins og hún eigi sér stað í tómarúmi. Öll reynsla á sér stað þegar fengist er beint við viðfangsefnin og er einstaklingnum stöðug næring. Börn í sveit öðlast aðra reynslu en börn í borgum og sjávarplássum. Þegar menn gera sér grein fyrir þessum mun verður leiðin greið. Það er kennarans að gera sér grein fyrir að raunveruleg reynsla barnsins mótast af þeim umhverfisskilyrðum sem eru til staðar hvert sinn. Allt sem þar er má byggja upp sem reynslu, er verður barninu einhvers virði.<sup>203</sup> Gamalt kínverskt máltæki segir:

„Segðu mér það.  
Ég gleymi því.  
Sýndu mér það.  
Ég man það.  
Leyfðu mér að fást við það.  
Þá skil ég það<sup>204</sup>“

---

<sup>203</sup> Dewey 2000b:16

<sup>204</sup> Valborg Sigurðardóttir 1992:62

## Niðurstöður

Umhverfismennt og grenndarkennsla eru skyldir þættir sem taka á verndun umhverfis, náttúru, byggðasögu og náttúruminum. Þættir sem eru ekki hvað síst mikilvægir nú á tímum þegar mannkynið hefur fjarlægst náttúruna og fortíðina hröðum skrefum. Hefur ákveðin vitundarvakning átt sér stað hvað þetta varðar og má sjá þess merki bæði í alþjóðlegum samþykktum og skrifum einstaklinga, þó umhverfisvitund hafi ekki náð þeirri almennu vakningu sem telja má æskilega. Með aukinni áherslu á skólaumhverfi geta þó umhverfismennt og grenndarkennsla mögulega breytt stöðu mála og fært okkur nær náttúrunni og nánasta umhverfi. Staðarmenningin er mikilvæg að þessu leyti. Það er nauðsynlegt að byrja sem fyrst að virkja börnin í leik- og grunnskólum landsins og á gamla máltækið „hvað ungur nemur gamall temur“ vel við í þessu tilliti.

Aðalnámsskrár leik- og grunnskólanna bjóða upp á mikið svigrúm hvað umhverfismennt og grenndarkennsla varðar. Með auknu samstarfi og samfelli þessara tveggja skólastiga má hæglega sjá fyrir sér skólastarf þar sem umhverfismennt og grenndarkennsla er ætlað rými jafnvel haft að leiðarljósi sem yfirmarkmið í skólanámsskrám leik- og grunnskóla. Með aukinni tengingu barna við náttúru og umhverfi með leikinn í fyrirrúmi, má nálgast flesta þá þætti sem umhverfismennt og grenndarkennsla byggjast á. Leikurinn er eðlislæg námsleið barns og ber því að hafa hann í fyrirrúmi í skólastarfinu. Börn þurfa mikið svigrúm til upplifunar og lærdóms á þann máta að nánasta samfélag þeirra flæði inn í skólanna á sama hátt og skólarnir opni sig betur út í samfélagið. Mætti þannig styrkja umhverfisvitund barna frá unga aldri fram á fullorðinsár.

Samfélagsbreytingar og hraði nútíma þjóðfélags ætti að hvetja mannfolkið til að líta sér nær og þá til fortíðarinnar í leiðinni. Nýta þann viskubrunn sem liggur í skrifum fyrri tíma manna í byggðasögum og öðrum fróðleik ásamt fleiri menningarlegum þáttum byggðarlaga. Ekki er þó hægt að staðhæfa að leik- og grunnskólakennarar í smærri byggðalögum geti einhliða eflt umhverfisvitund og umhyggju barna fyrir heimabyggð sinni eða jafnvel spornað við byggðaröskun. En með sameiginlegu átaki kennara, barna og sterkra hugsjónamanna byggðanna eru möguleikar þess kannski ekki svo fjarri. Með samstilltu átaki allra sem þessi mál varða er mögulegt að nýta það nálæga í umhverfinu til að styrkja æskuna í átt að öflugri sjálfsvitund hennar og samfélagsins í heild í leiðinni.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá grunnskóla- Samfélagsgreinar*. 1999. [Reykjavík], Menntamálaráðuneytið

Vefslóð: <http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/samfelag/samfelag.rtf>

(Sótt 9. apríl 2006)

*Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. [Reykjavík], Menntamálaráðuneytið.

Vefslóð: <http://www.leikskolar.is/upload/files/A%F0aln%E1mskr%E1.pdf>

(Sótt 4. febrúar 2006)

Akureyri öll lífsins gæði. Leikskólinn Smábær. Vefslóð:

<http://www3.akureyri.is/skolabaerinn/leikskolar/arholt/Smabaer/>

(Sótt 26. janúar 2006.)

Aldis Guðmundsdóttir. 1992. *Vöxtur og þroski*. Reykjavík, Mál og menning.

Andri Ísaksson. 1983. Námskrágerð og námskrárfræði. *Athöfn og orð: afmælisrit helgað Matthíasi Jóhannessyni áttæðum*. Ritstj Sigurjón Björnsson, bls 25–44.

Reykjavík, Mál og menning.

Armstrong Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. Erla Kristjánsdóttir íslenskaði.

Reykjavík, útgáfa J p v

Arnþór Garðarsson. 1994. Mannskepnan og náttúran. *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru*. Ritstj. Róbert H. Haraldsson og Þorvaldur Árnason, bls 295–305.

Reykjavík, Háskóli Íslands, Rannsóknarstofnun í siðfræði.

Björg Vigfúsína Kjartansdóttir, Jóna Björg Jónsdóttir og Kristen Lybæk Vangsgaard.

2001. Hugsmíðahyggja. Vefslóð:

<http://www.ismennt.is/not/lybaek/hugbunadur/birting/bjorgvk/margmidlunoghugb/hugsmiðahyggja.htm> (Sótt 13. mars 2006)

Björn Björnsson. 1994. Maðurinn í gagnvirkum tengslum við náttúruna. *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru*. Ritstj. Róbert H. Haraldsson og Þorvaldur

Árnason, bls 27–34. Reykjavík, Háskóli Íslands, Rannsóknarstofnun í siðfræði.

Bjarni Guðmarsson. 1989. *Byggðin undir Borginni, Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*.

Ritnefnd: Elínborg Jónsdóttir, Ingibergur Guðmundsson og Lárus Ægir Guðmundsson. Akureyri, Höfðahreppur.

Bragi Guðmundsson. 1982. Ritun austur-húnvetnskrar sögu á 19. og 20. öld. *Húnavaka*

1981–1982. 22 árg. Ritstj. Stefán Á Jónsson, bls. 46–80. Akureyri, Ungmennasamband Austur-Húnavatnssýslu.



- Bragi Guðmundsson. 1999. Af vefnaði og öðrum verkum. Um grenndarkennslu og umhverfismennt sem uppistöður í skólalastarfi. *Ný menntamál*. 17,2:32–37.
- Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. 1999. *Æska og saga. Söguvitund íslenskra unglunga í evrópskum samanburði*. (Sagnfræðirannsóknir 15). Reykjavík, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Bragi Guðmundsson. 2000. Grenndarfræði. *Líf í Eyjafirði*. Ritsj. Bragi Guðmundsson, bls. 17–58. Akureyri, Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.
- Bragi Guðmundsson. 2002. Sjálfsvitund landsbyggðafólks á tímum örra búsetubreytinga. *Íslenska söguþingið*. 30. maí-1 júní Ráðstefnurit II. Ritstj. Erla Hulda. Halldórsdóttir, bls. 400–416. Reykjavík. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands.
- Brynhildur Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir. 1994. *Um siðfræði sem grundvöll umhverfismenntunar*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samvinnu við Minningarsjóð Ásgeirs S. Björnssonar.
- Carson, Rachel. 1998. *The sense of Wonder*. New York, Harper Collins Publishers.
- Cornell, Joseph. 1998. *Sharing Nature with Children*. Nevada, Dawn Publication.
- Dewey, John. 2000a. *Hugsun og Menntun*. Gunnar Ragnarsson íslenskaði. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Dewey, John. 2000b. *Reynsla og menntun*. Gunnar Ragnarsson íslenskaði. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Eygló Björnsdóttir. 2003. Á heimaslóð. Námsvefur um grenndarkennslu. Meistaraprófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands með áherslu á tölvu- og upplýsingatækni. Vefslóð: <http://vefir.unak.is/heimaslod/ritgerd/default.htm> (Sótt 29. mars 2006)
- Eygló Björnsdóttir. 2005. Hollur er heimafenginn baggi. Um grenndarkennslu og umhverfistúlkun sem leiðir í umhverfismennt. *Netla– Vef tímarit um uppeldi og menntun barna*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Vefslóð: <http://netla.khi.is/greinar/2005/023/index.htm> (Sótt 3. apríl 2006)
- Eygló Friðriksdóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hrund Gautadóttir og Þorgerður Hlöðversdóttir. 2004. Nýr skóli á nýrri öld, þróun náms- og kennsluhátta við Ingunnarskóla. *Netla– Vef tímarit um uppeldi og menntun barna*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Vefslóð: <http://netla.khi.is/greinar/2004/005/index.htm> (Sótt 3 apríl)

- Friðrik Einarsson. 1982. Vitavörður í hálfra öld. *Húnavaka*. 22. árg.  
Ritstj. Stefán Á Jónsson, bls 84–93. Akureyri, Ungmennasamband Austur-Húnavatnssýslu.
- Gerður G. Óskarsdóttir. 2004. Einstaklingsmiðað nám í grunnskólum Reykjavíkur. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun barna*, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Vefslóð: <http://netla.khi.is/vidtol/2004/001/index.htm> (Sótt 19. apríl 2006)
- Gísli Konráðsson. 1941. *Saga Skagstrendinga og Skagamanna*. Reykjavík, Ísafold.
- Guðmundur Finnbogason. 1994. *Lýðmenntun, Hugleiðingar og tillögur*. 2. útgáfa (Heimildarit í íslenskri uppeldis- og skólasögu 1). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Guðrún Bjarnadóttir. 2000. Leikurinn sem þungamiðja leikskólastarfs. *Athöfn, tímarit leikskólakennara*. 1,32:47–50
- Guðrún Geirsdóttir. 1998. Gróska í námskrárumræðu. *Ný menntamál* 16,1: 6–11
- Guðrún Kristín Magnúsdóttir. 2006. Sjálfsögð kurteisi. *Morgunblaðið*, 22. janúar, bls 64.
- Gunnar Árnason 1953. Af Laxárdal. Troðningur og tóftarbrot. *Svipir og sagnir* III, bls 225–275. Reykjavík, Húnavetningafélagið. Prentsmiðjan Hólar
- Gunnar Karlsson. 1986. Geta börn lært sögu? *Ný menntamál* 4,1:18–19.
- Haraldur Jónsson. 1975. Húnaþing. *Húnaþing* I. bls 1–38.  
Útg. Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu, Búnaðarsamband Vestur Húnavatnssýslu, Kaupfélag Húnavetninga, Blönduósi.  
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, Hvammstanga. Sögufélagið Húnavetningur.  
Akureyri, Prentverk Odds Björnssonar.
- Heimasíða Skagastrandar. 2003. *Bærinn*. Vefslóð: <http://skagastrond.is/baerinn.asp> (Sótt 15. apríl 2006)
- Heimasíða Skagastrandar. 2003. *Umhverfi*.  
Vefslóð: <http://www.skagastrond.is/umhverfi.asp> (Sótt 20. janúar. 2006)
- Hildur Ingólfssdóttir. 2006. Skólastjóri við Höfðaskóla á Skagaströnd.  
[Munnleg heimild 11. apríl 2006]
- Hrefna Hjálmarsdóttir. Vettvangsferðir leikskólabarna. *Líf í Eyjafirði*  
Ritstj. Braji Guðmundsson, bls. 373–383. Akureyri, Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri

Hrund Gautadóttir og Eygló Friðriksdóttir. 2005. Heimsóknir Ingunnarskóla til valinna skóla í Minnesota. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun barna*, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Vefslóð: <http://netla.khi.is/greinar/2005/002/003.htm> . (Sótt 9. mars 2006)

*Húnaþing I.* 1975. Útg. Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu, Búnaðarsamband Vestur Húnavatnssýslu, Kaupfélag Húnavetninga, Blönduósi. Kaupfélag Vestur Húnavetninga, Hvammstanga. Sögufélagið Húnavetningur. Akureyri, Prentverk Odds Björnssonar.

*Húnaþing II.* 1978. Útg. Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu, Búnaðarsamband Vestur- Húnavatnssýslu, Kaupfélag Húnavetninga, Blönduósi. Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, Hvammstanga. Sögufélagið Húnavetningur. Akureyri, Prentverk Odds Björnssonar.

Høgmo, Asle, Tom Tiller og Karl Jan Solstad. 1981. *Skolen og den lokale utfordring. En sluttrapport fra Lofotprosjektet.* Háskólinn i Tromsø, Institutt for samfunnsvitenskap.

Ingibergur Guðmundsson. 1992. Gönguferð á Spákonufell. *Húnavaka*. 22 árg. Ritstj. Stefán Á Jónsson, bls. 84–88. [Akureyri], Ungmennasamband Austur-Húnavatnssýslu.

Ingólfur Á. Jóhannesson, Ingvar Sigurgeirsson, Guðmundur Sigvaldason og Tryggvi Jakobsson. 1985 *Heimabyggðin. Verkefnasafn í samfélagsfræði.*[Reykjavík], Námsgagnastofnun

Ingvar Sigurgeirsson. 1981. *Skólastofan, Umhverfi til náms og þroska.* Ritröð Kennaraháskóla Íslands VI. Reykjavík, Iðunn.

Jóhanna Einarsdóttir. 1997. Áhrif kenninga Johns Dewey á leikskólastarf. *Athöfn , tímarit leikskólakennara*. 29,1:28–32

Jón Eyþórsson. 1964. Skagaströnd og Skagi. *Austur- Húnavatnssýsla. Árbók ferðafélags Íslands*, bls. 31–73[ án útgáfustaðar) Ísafoldarprentsmiðja

Jónas B. Hafsteinsson. 1989. Höfðahreppsfrétt. *Húnaþing III.*, bls. 610. Útg. Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu, Búnaðarsamband Vestur- Húnavatnssýslu, Kaupfélag Húnavetninga, Blönduósi. Kaupfélag Vestur- Húnavetninga, Hvammstanga. Sögufélagið Húnavetningur. Akureyri, Prentsmiðja Odds. Björnssonar.

Kant Immanuel. 2003. *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni.* Guðmundur Heiðar Frímansson íslenskaði. Reykjavík, Hið Íslenska Bókmenntafélag.

- Kristín Dýrfjörð. 2006. Lektor við Háskólann á Akureyri.  
[Munnleg heimild 20. janúar 2006]
- Kristín Norðdahl. 2005. Að leika og læra í náttúrunni. Um gildi náttúrulegs umhverfis í uppeldi og menntun barna. *Netla- veftímarit um uppeldi og menntun barna*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Vefslóð:  
<http://netla.khi.is/greinar/2005/022/index.htm>. (sótt 19. mars 2006)
- Leikskólinn Tjarnarsel. 2002. *Vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans*. Keflavík, Leikskólinn Tjarnarsel.
- Ludvík Carl Magnússon. 1995. Laurustrandið. *Húnavaka*. 35. árg.  
Ritstj. Stefán Á Jónsson, bls. 115–130 Akureyri, Ungmennasamband Austur-Húnavatnssýslu.
- Lög um leikskóla*. 1994 nr. 78. Vefslóð: <http://www.althingi.is/lagas/129/1994078.html>  
með breytingum. (Sótt 26. janúar 2006.)
- Madsen, Bent Leicht. 1988. *Börn, dyr & natur*. Kaupmannahöfn, Forlaget Børn & Unge.
- Magnús Björnsson. 1957. *Mannaferðir og fornar slóðir*. Akureyri, Prentsmiðja Odds Björnssonar.
- Magnús Björnsson. 1959. *Hrakhólar og höfuðból*. Akureyri, Prentsmiðja Odds Björnssonar.
- Magnús Björnsson. 1966. *Fedraspor og fjörusprek*. Akureyri, Prentsmiðja Odds Björnssonar.
- Myhre, Reidar. 2001. *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. Bjarni Bjarnason íslenskaði. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Ólafur Halldórsson. 1994. Umhverfishyggja og mannhyggja- tvennskonar náttúrusýn. *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru*. Ritsj. Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason, bls. 113–123.  
Reykjavík, Háskóli Íslands Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Páll Jónsson, Pétur Þ. Ingjaldsson, Guðmundur Haukur Sigurðsson, Magnús Konráðsson og Björgvin Brynjólfsson. 1975. Höfðakaupstaður. *Húnaþing I*, bls 507–559.  
Útg. Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu, Búnaðarsamband Vestur Húnavatnssýslu, Kaupfélag Húnvetninga, Blönduósi. Kaupfélag Vestur Húnvetninga, Hvammstanga. Sögufélagið Húnvetningur Akureyri, Prentverk Odds Björnssonar.
- Páll Skúlason. 1998. *Umhverfing. Um siðfræði umhverfis og náttúru*. Reykjavík, Háskóli Íslands- Háskólaútgáfan.

- Rachels, James. 1997. *Stefnur og straumar í siðfræði*. Jón Á. Kalmanson íslenskaði. Reykjavík, Háskóli Íslands, Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan.
- Rannveig Auður Jóhannsdóttir 1996. *Þjálfun móðurmáls hjá elstu börnum í leikskóla og byrjendum í grunnskóla*. Reykjavík, útg. Rannveig Auður Jóhannsdóttir.
- Rousseau, Jean-Jacques. 2004 *Samfélagssáttmálinn*. Björn Þorsteinsson og Már Jónsson Íslenskuðu. Reykjavík, Hið Íslenska Bókmenntafélag.
- Rousseau, Jean-Jacques. 1991. *Emile Or On Education*. 2.útgáfa, þýðandi Alan Bloom. London, Penguin Books.
- Róbert H. Haraldsson. Náttúrusýn, hluttekning og siðferði. *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru* Ritsj. Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason, bls.71–87 Reykjavík, Háskóli Íslands. Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Rúnar Kristjánsson. 1991. *Ljóð frá Skagaströnd*. [Án útgáfustaðar]. Útg. Skákprent.
- Rúnar Kristjánsson. 2004. *Bræðingur og brotasilfur, yrkingar*. Útg. Rúnar Kristjánsson , Hafnafjörður.
- Sigríður Sveinbjörnsdóttir. 2000. Bókalíf. *Líf í Eyjafirði*. Ritsj. Bragi Guðmundsson , bls. 337–370. Akureyri, Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. 2002. Að hugsa á heimsvísu og framkvæma heima fyrir. *Grænskinna Umhverfismál í brennidepli*. Ritsj. Auður H. Ingólfssdóttir, bls 190–202. Reykjavík, Mál og menning.
- Sigurjón Björnsson. 2005. *Skaginn og Skagaheiði*. Reykjavík, Skrudda.
- Sigrún Helgadóttir. 1990. Umhverfisfræðsla markmið og leiðir. *Ný menntamál*. 8,4:37–40.
- Sigrún Helgadóttir. 2002. Náttúrubörn 21. *Grænskinna. Umhverfismál í brennidepli*. Ritsj. Auður H. Ingólfssdóttir, bls 179–189. Reykjavík, Mál og menning.
- Sigrún Júlíusdóttir. 1996. Um vísindi og vettvang- viðhorf og aðferðir í félagsvísindum. *Ný Menntamál* 14,3:6–10
- Sigurlín Sveinbjarnardóttir. 1990. *Miljö 91. Norræn ráðstefna um umhverfismenntun í Reykjavík*. Menntamálaráðuneytið.
- Sigurlín Sveinbjarnardóttir. 1990. Umhverfisfræðsla í íslenskum skólum og á dagvistunarheimilum. *Ný menntamál*. 8,3: 36–40

- Simon Jón Jóhannesson og Bryndís Sverrisdóttir. 1990. *Bernskan líf, leikir og störf Íslenskra barna fyrr og nú*. Reykjavík, Örn og Örlygur.
- Sjálfbær þróun. Ný stefna fyrir Norðurlönd*. 2001. Kaupmannahöfn, Norræna ráðherranefndin.
- Stefán Bergmann. 1994. Þáttur siðfræði í umhverfismennt. *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru*. Ritstj. Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason, bls. 201–210. Reykjavík, Háskóli Íslands, Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Stefán Bergmann. 1990. Uppeldi og umhverfismenntun. Nokkrar ábendingar varðandi umhverfismenntun. *Ný Menntamál* 8,4:41–42.
- Stefán Ólafsson. 1997. *Búseta á Íslandi- Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík, Byggingastofnun.
- Svipir og sagnir I-V*. 1948–1962. Útg. Húvetningafélagið í Reykjavík og Sögufélagið Húvetningur. Akureyri og Reykjavík.
- Sörlin Sverker. 1991. *Naturkontratet. Om naturumgängets idéhistoria*. Stokkhólmur, Carlssons.
- Valborg Sigurðardóttir. 1992. Leikurinn-sjálfstjáníng og sjálfsnám. *Leikur og leikgleði* Ritnefnd. Hrafnhildur Sigurðardóttir, Selma Dóra Þorsteinsdóttir og Svandís Skúladóttir, bls 47–62. Afmælisrit helgað Valborgu Sigurðardóttur. [Reykjavík], Fóstrufélag Íslands.
- Þorvaldur Örn Árnason. 1998. *Umhverfismennt*. Keflavík, Aðstoð.

## Myndaskrá

Mynd 1: Høgmo, Asle, Tom Tiller og Karl Jan Solstad. 1981.

*Skolen og den lokale utfordring. En sluttrapport fra Lofotprosjektet.*

Háskólinn í Tromsø, Institutt for samfunnsvitenskap.

Viðfangsefni grenndarnáms. Endurhönnun: Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir. 2006.

Mynd 2: Heimasíða Skagastrandar. Skagaströnd: *Bærinn*.

Vefslóð: <http://skagastrond.is/baerinn.asp> (Sótt 15. apríl 2006)

Mynd 3: Í átt að skýrri sjálfsvitund. Hönnun: Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir. 2006.

Textaheimild vegna skýringarmyndar: Bragi Guðmundsson. 2002. Sjálfsvitund landsbyggðafólks á tímum örra búsetubreytinga.

*Íslenska sögubingið. 30. maí-1 júní Ráðstefnurit II.* Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir, bls. 400–416. Reykjavík. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands.

Mynd 4: Heimasíða Skagastrandar. Spákonufell. *Bærinn*.

Vefslóð: <http://skagastrond.is/baerinn.asp>. (Sótt 15. apríl 2006)